

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2006



11. tbl. 13. árg.

**Lyf & heilsa**  
Mjódd  
Opiðvirka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

**Dælulykill**  
Ekkert PIN  
Meiri hraði  
Lægra verð  
www.atlantsolia.is

**AO**  
ATLANTSOLÍA

**Lyfjaval**  
APÓTEK  
Lyfjaval.is  
Sími 577 1166



Alexander Ingi, Eldar Máni og Andri Hrafn úr 2. LBG í Breiðholtsskóla fyrir utan höfuðstöðvar KFUM og KFUK við Holtaveg en að baki þeirra má sjá hvar búið er að búa um hluta gjafakassanna sem fara eiga til Úkraínu.

## Jólapakkar úr Breiðholti til Úkraínu

Nemendur í Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla í Breiðholti hafa pakkað gjöfum sem sendar verða til barna í Úkraínu fyrir jólin. Þetta er liður í verkefni sem kallast "Jól í skókassa" og felst í því að fá börn og fullorðna til þess að setja nokkra nýtsama hluti í skókassa sem síðan er pakkað inn í jólapappír og deilt út til barna sem eru þurfsandi víðs vegar um heim m.a. til svæða þar sem stríð hafa geysað, náttúruhamfarir orð-

ið og sjúkdómar herjað. Einnig eru pakkar sendir til barnaspítala og munaðarleysingjahæla auk einstæðra mæðra sem búa við fátækt og erfiðleika.

Fyrir tveimur árum ákvað hópur innan KFUM og KFUK að láta reyna á þetta verkefni hér á landi. Undirtektir reyndust mjög góðar og söfnuðust um 500 kassar strax fyrsta árið. Fleiri tóku þátt í verkefninu á síðasta ári og söfnuðust þá um 2600 kassar eða rúmlega

fimmfalt fleiri en árið áður. Lögð er áhersla á notagildi þeirra hluta sem sendir eru til þurfsandi barna og þar má nefna fatnað, leikföng, snyrtivörur og sætindi. Kassarnir sem börnin Breiðholti hafa verið að útbúa verða sendir til barna í Úkraínu fyrir jólin. Nemendur Breiðholtsskóla afhentu sína kassa á laugardaginn var en nemendur úr Ölduselsskóla daginn áður.

## Um tvö þúsund mótmæla spilasal

Allt að tvö þúsund íbúar í Breiðholtshverfi hafa skrifað undir mótmæli gegn því að spilasalur á vegum Háspennu Happraættis Háskóla Íslands verði opnaður í Mjóddinni en fyrirhugað er að hann verði til húsa þar sem verzlun ÁTVR var áður.

Undirrot mótmælanna er m.a. ótti við að starfsemi spilasalsins muni ýta undir spilaþíkn hjá fólki og þá einkum ungmennum. Helgi Kristófersson, einn talsmanna Íbúasamtakanna Betra Breiðholt, hefur sagt við fjölmiðla að þeir sem skrifað hafi undir vilji ekki fá starfsemi af þessu tagi í hverfið. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Stöð 2 síðastliðið sunnudagskvöld að það væri ekki markmið Háskóla Íslands í sjálfu sér að reka happraætti en unnið væri í einu og öllu samkvæmt þeim lögum og reglum sem happraættið starfaði eftir.

**nytt heimili**  
www.nytt.is  
fasteignasala  
reynir erlingsson, löggiltur  
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali  
414 6600

**Apótekið í Hólagarði er opið:**  
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**  
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



**ÚTSALA**  
á folaldakjöti  
fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík  
Sími: 511 1188 • 561 1594  
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904  
Netfang: thord@itn.is  
Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298  
Netfang: borgarblod@simnet.is  
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson  
Umbrot: Valur Kristjánsson  
Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins  
Dreifing: Íslandspóstur  
11. tbl. 13. árgangur  
Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



## Að ná tökum á tungumálinu

Nokkrar umræður hafa orðið að undanförunu um íslenskukennslu til handa fólki af erlendum uppruna sem sest hefur að hér á landi. Í þeim umræðum hefur m.a. komið fram að íslenskunám sé bæði of dýrt og erfitt. Ekki þarf að draga í efa að mörgum útlendingi getur reynt erfitt að læra íslensku en þar ræður nokkru um frá hvaða málsvæði þeir koma og hvaða tungumál þeir tala fyrir. Íslenska er bæði hörd í framburði og býr yfir flóknu beygingakerfi sem mörgum reynist erfitt að tileinka sér. Einkum fólki sem vant er að tala tungumál þar sem beygingar eru mun einfaldari.

Í viðtali hér í blaðinu lýsir Nelly Voskanian, sem flutti hingað til lands frá Georgíu ásamt fjölskyldu sinni fyrir sex árum, þeirri tilfinningu að kunna ekki það tungumál sem talað er umhverfis fólk. Hún kemst svo að orði að sér hafi fundist hún bæði vera mállaus- og heyrnarlaus þegar hún hóf að vinna á hjúkrunarheimilinu Eir. Hún hafi hvorki getað tjáð sig né skilið hvað verið var að tala í kringum hana. Nelly talar ágæta ensku en segir það ekki hafa dugað sér. Sér hafi fundist hún vera eins og ein úti í horni. Hún segir að strax á fyrstu vikum dvalar sinnar hafi hún áttað sig á að hún yrði að læra íslensku til þess að geta búíð hér og starfað til frambúðar. Að öðrum kosti yrði hún einangruð auk þess sem börnin hennar yrðu að kunna málið til þess að geta nýtt sér þá skóalvist sem væri í boði. Hún lagði á sig að læra málið og talar mjög góða íslensku í dag miðað við að hafa lært málið á fullorðins aldri.

Í umræðum um aðlögun fólks af erlendum uppruna að íslensku samfélagi hefur marg oft komið fram hversu nauðsynlegt er fyrir þetta fólk að ná tökum á tungumálinu. Frásögn Nellyar af eigin reynslu ber að þeim brunni. Með því að efla íslenskukennslu fyrir nýbúa má uglaust komast fyrir margan þann vanda sem sífaxandi fjöldi einstaklinga af öðrum mál- og menningarsvæðum getur skapað. Fólk sem flytur hingað til lands má ekki lífa mállaust og heyrnarlaust og út í horni svo gripið sé til líkinga Nellyar Voskanian af upplifun sinni áður en hún lærði íslensku.

## Á skjön við skynsemi

Og meira um nýbúa hér á landi vegna þess að nú hefur einn stjórnmálalífsmarkaður farið út á þá braut að efna til umræðna um málefni þeirra á þeim nóttum að hætta getur verið á að sú umræða leiði til vaxandi þjóðernishyggu og útlengingahatus. Málefni innflytjenda geta verið viðkvæm eins og dæmi erlendis sýna og sanna og því er mikil nauðsyn á að þau verði rædd af skynsemi og yfirvegum. Erlendu fólki hefur fjölgað meira en áður hér á landi. Stofnanir samfélagsins hafa því ekki verið nægilega vel búnar undir svo snögga fjölgun og þar af leiðandi ekki tilbúnar með þau aðlögunarferli fyrir nýbúa sem þurfa að vera til staðar og þar á meðan öfluga og ókeypiss kennslu í íslensku.

Með EES samningnum opnaðist frjálst flæði fólks frá Evrópusambandsríkjum að aðlögunartíma loknum og á sama tíma hefur vinnu- markaðurinn verið að kalla eftir fólki til starfa erlendis frá. Hluti þessa fólks er aðeins hingað kominn til þess að sinna tímabundnum störfum og hverfur aftur til síns heima en aðrir eru komnir til þess að búa hér til frambúðar og sumir tengdir Íslendingum fjölskylduböndum. Ísland er hluti af fjölþjóðasamfélagi en ekki einangruður hópur á eyju langt úti í hafi. Íslendingum ber því að takast á við þau viðfangsefni sem nýr þjóðfélagsþegnar af erlendum uppruna kalla eftir. Þetta fólk auðgar menningu okkar og mannlíf ekkert síður en að taka þátt í öflugri atvinnulífi hér á landi og deila með okkur góðum lífskjörum. Því er algerlega á skjön við alla skynsemi að þingmenn grípi til þeirra ráða að kynda með óbeinum eða jafnvel beinum hætti undir neikvæðni og jafnvel fordómum gegn fólki af erlendum uppruna í örvæntingu sinni um að missa þingsæti sín í næstu kosningum þótt yfirveguð umræða um þessi mál sé nauðsynleg og skynsamleg. Þeir sem það gera eru að blása málið upp og auka á vandann í stað þess að leita leiða til þess að leysa hann. Þeir eru að hugsa um eigin skinn en ekki annarra.

# STUTTAR

## Betri byggð vill fullgera Þjóðvegi

Stjórn Samtaka um betri byggð hefur skorað á sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu um að beita sér fyrir því að samgönguyfirvöld og sveitarfélög á Suðvesturlandi sameinist um að fullgera alla Þjóðvegi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins fyrir árslok 2012.

Samtökin vilja að gengið verði frá Þjóðvegum samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum en í því felst m.a. að akstursstefnur verði aðgreindar, gengið verði frá vegaöxlum og öðrum öryggisvæðum hvort sem 2+2 akreina stofnbrautir er að ræða eða 2+1 stofnbrautir. Í ályktun frá samtökunum kemur fram að um þrjár leiðir út frá höfuðborginni sé að ræða. Það er: Vesturlandsvegur að Borgarnesi, Suðurlandsvegur að Selfossi og Reykjanesbraut að Leifstöð.

## Nýjungar í greiðslu fyrir bílastæði

Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni geti bílaeigendur og ökumenn greitt fyrir bílastæði í miðborginni með skafmiðum og kortum. Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að fela Bílastæðasjóði Reykjavíkur að útfæra nýjar leiðir til að auðvelda viðskiptavinum sínum að greiða fyrir bílastæði í miðborginni. Á boðstólum verða tímabundin kort og skafmiðar, auk þess sem unnt verður að greiða fyrir notkun stæða með kreditkortum.

Uppsetning nýrra miðamæla sem eru búnir lesurum fyrir kreditkort hefst á næstunni en ráðgjert er að nýju kortin og skafmiðarnir komi á markað í upphafi næsta árs. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval skafmiða en með þeim geta viðskiptavinir keypt fyrirfram ákveðinn gildistíma við stöðumáli og þarf aðeins að skafa af rétta dagsetningu og tíma á miðanum þegar á að nota hann. Skafmiðinn þarf að vera sýnilegur á mælaborði bifreiðar sem lagt er í gjaldskýlt stæði þannig að starfsmenn Bílastæðasjóðs geti lesið dag- og tímasetningu á honum. Hægt verður að kaupa skafmiða sem gilda í bílastæði með allt frá eins klukkutíma gildistíma. Þá má geta þess að boðið verður upp á viku- og mánaðarkort sem gilda við stöðu- og miðamælastæði, en með þeim geta þeir viðskiptavinir Bílastæðasjóðs sem sækja miðborgina í lengri tíma í senn valið um mismunandi fyrirframgreidd kort. Tæpast þarf að efa að almennir notendur gjaldskyldra bílastæða muni fagna því að geta greitt með kreditkortum í greiðsluvélar bílahúsa og miðamæla utan húss. Með breyttum viðskiptavenjum hefur smámynt horfið að miklu leyti og fólk því oft með réttu myntina við höndina þegar greiða þarf stöðugjöld fyrirfram við hefðbundna stöðumæla og á því á hættu að fá heimsóknir árvökula stöðumælaavara sem láta hvorki veður né vind aftra sér frá útveru á hverjum degi.

## Slyshætta mest síðdegis

Í skýrslu Forvarnahússins kemur fram að höfuðborgarbúar séu í mestri hættu á að lenda í umferðarslysi á leiðinni heim úr vinnu síðdegis. Í skýrslunni kemur fram að árinu 2005 hafi 11.100 umferð-

aróhöpp verið tilkynnt til tryggingafélaganna, þar af 7.200 sem hafi verið talin bótaskyld. Í þessum óhöppum slösuðust 900 einstaklingar og rúmlega 22.000 bílar skemmdust. Ef sá fjöldi bíla yrði settur í eina bílalest næði hún frá Reykjavík austur á Hellu, eða tæplega 100 kílómetra.

Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar voru tjónamestu gatnamótin. Á þeim slösuðust 12 einstaklingar í 64 umferðarslysum. Á síðustu sex árum hafa orðið rúmlega 520 tjón á þessum gatnamótum og rúmlega 200 einstaklingar slasast. Sjóvá segir að kostnaður samfélagsins vegna gatnamótanna á þessu tímabili sé líklega vel yfir milljarður króna, að ótöldu því líkamstjóni sem viðkomandi einstaklingar verða fyrir. Í fret frá Forvarnahúsi kemur fram að ljóst sé að yngstu öikumennirnir séu líklegastir til að valda slysi. Slyshlutfallið minnkar með aldrinum en eykst aftur meðal elstu öikumanna. Þá valda ungir öikumenn hlutfallslega langflestum slysum á fólki, sem Sjóvá segir að bendi til þess að þeir aki hraðar og valdi því frekar alvarlegri slysum.

## Frístundakort er stuðli að aukinni frístundaiðju og jöfnuði

Borgarráð hefur samþykkt að fela ÍTR að vinna tillögur um nýtt styrktarkerfi eða svokallað „frístundakort“ vegna þátttöku barna og unglinga í æskulýðs-, íþróttu og menningarstarfi í borginni.

Ætlað er að markhópur frístundakortsins verði á bilinu sex til 18 ára og verður frístundakortið innleitt í þremur áföngum. Sá fyrsti mun hefjast haustið 2007 og verður þá miðað við 12 þúsund króna framlag til aldurshópsins. Annar áfangi hefst síðan 1. janúar 2008 og verður miðað við 25 þúsund króna framlag. Með þriðja áfanga er gert ráð fyrir að innleiðingu ljúki og mun sá áfangi standa frá og með 1. janúar árið 2009 og verður þá miðað við 40 þúsund króna framlag til aldurshópsins sex til 18 ára. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er gert ráð fyrir að fjárhagsrammi í hverjum hinna þriggja áfanga miðist við um 70% nýtingu styrkjanna og verði 180 milljónir árið 2007 kr., 400 milljónir árið 2008 kr. og 640 milljónir árið 2009 kr. Tillögurnar verða lagðar fyrir íþróttu- og tómstundaráð og borgarráð fyrir 1. desember n.k. Með innleiðingu

frístundakortsins er ekki einvörðungu verið að stuðla að aukinni þátttöku í hollri og uppbyggilegri frístundaiðju heldur einnig að jöfnuði og bættu aðgengi að þeim gæðum sem slíki starfsemi fylgir og Reykjavíkurborg styrkir fjárhagslega.

## Leigubílar á strætóreinum

Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að fenginni umsögn lögreglustjórans í Reykjavík að leigubílar fái heimild til þess að aka á sérstökum akreinum sem ætlaðar eru strætisvögnum.

Það skilyrði mun þó verða sett að leigubílar megi aðeins nota akreinar strætisvagnanna þegar þeir aka með farþega gegn gjaldi.

## Fæstir telja þörf á nagladekkjum

Í könnun sem unnin var fyrir framkvæmdaviðs Reykjavíkurborgar kemur fram að allt að 75% aðspurðra töldu að nagladekk hafi verið öruggari í 10 daga eða færri á liðnum vetri og um 50% þátttakenda í könnunni taldi að þeir dagar sem nagladekk væru öruggari kostur en aðrir væri teljandi á höndum annarrar handar.

Því er það mat íbúa á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar að nagladekk séu almennt ekki öruggari en annar búnaður sem í boði er til vetraraksturs. Þessar niðurstöður vekja upp áleitnar spurningar um hvort þörfin fyrir nagladekk í umferðinni í Reykjavík sé stórlega ofmetin eða hvort ná megi sama öryggi með aðgæslu í umferðinni og með öðrum búnaði þá daga sem færð er erfið. Reykjavíkurborg hefur hvatt ökumenn til að íhuga hvort tími sé kominn til að hætta notkun nagladekkja og leggja þannig sitt að mörkum til að bæta loftgæðin í Reykjavík þar sem vitað er að nagladekk eru helsti orsaka- valdurinn fyrir svifryksmengun í borginni. Spurningar vakna um hvort borgarbúar noti nagladekk e.t.v. af gömlum vana eða ímynd- aðri öryggiskennd. Þeir sem þurfa að ferðast utan borgarinnar eða höfuðborgarsvæðisins eru þó mun háðari notkun nagladekkja en þeir sem aðeins aka innanbæjar að vetrinum.

## Hreinsaðu líkamann



# DETOX

**tilboð**



Champignon DETOX + FOS og Spirulina



Vega Milk Thistle Lættir undir hreinsunarferli líkamans

Með hverjum keyptum **Champignon DETOX FORMULA** fylgir Milk Thistle **frítt með**

meðan birgðir endast



Vega inniheldur ekki: Matarlíf (gelatína) né tilbúin aukaeftir, lítarefni, þragöfni, rogvamarefni, konu, hveiti, glúten, sykurlu, sterkuju, salt, ger eða mjólkurafurðir.



Árbæjarapótek - Laugarnesapótek



# Mjóddin

Komdu í þægilegt og gott umhverfi og njóttu þess að versla í Mjóddinni



## VIÐTALIÐ

# Aðalatriðið er að læra tungumálið

Nelly Voskianian hélt erindi á málþingi sem efnt var til í Fella- og Hóla­kirkju í september. Málþingið var liður í tilraunaverk­efni með fólki af erlendum upp­runa sem Fella- og Hóla­kirkja stendur fyrir í samvinnu við stofnanir í hverfinu en tæplega sjö af hundraði íbúa Breiðholts­ins eiga sér erlendan uppruna. Nelly ræddi m.a. um reynslu sína sem nýbúi en hún er fædd og uppalin í Georgíu, sem er fyrrum Sovétlýðveldi, en fluttist hingað til lands í júní árið 2000. Breiðholtsblaðið spjallaði við Nelly á dögnum þar sem hún ræddi m.a. um komuna frá Gerorgíu og reynslu sína af því að búa og starfa á Íslandi. Nelly segir aðalatriðið fyrir þá sem flytja hingað til þess að setjast að og búa til frambúðar sé að læra tungumálið.

### Eldra fólk með heimspeki og hjartalag

Komstu strax að því að nauðsynlegt væri að læra Íslensku? Já - eftir að ég var búin að vera í eina viku á Íslandi fór ég að vinna á hjúkrunarheimilinu Eir. Ég fann strax að vinnustaðurinn minn var þannig að ég yrði að læra tungumálið. Þótt ég talaði ensku þá kom hún mér ekki að gagni í vinnunni vegna þess að margt af fólkinu sem dvelur á Eir er af þeirri kynslóð sem ekki vandist á að nota annað tungumál en Íslensku þótt sumt af því hafi lært eitthvað í ensku á sínum tíma. Þar dvelur líka fólk með allskonar sjúkdóma, þar á meðal alz­heimer og aðra heilabilun og sjúkdómar sem skerða minni fólks gera það að verkum að það þolir illa allar breytingar. Því var ekki um annað að ræða ef ég ætlaði að starfa þar áfram en að læra íslensku." Nelly talar mjög góða Íslensku eftir aðeins sex ára dvöl hér á landi. Hvernig fór hún að því að ná svo góðum tókum á tungumáli, sem mörgum reynist erfitt að læra og er einnig mjög ólíkt móðurmáli hennar. Hún segist hafa lært mikið í vinnunni. Lært af því að tala við fólkið á Eir. "Ég hef lært miklu meira í vinnunni en í skólanum. Ég hef lært af því að hlusta á eldra fólkið og tala við það eftir því sem geta mín fór vaxandi. En ég hef líka farið í skóla til þess að auka við hæfni mína, fá meiri fyllingu í málið og læra málfræðina betur." Nelly segist kunna vel við að starfa með eldri borgurum. "Þetta



Nelly Voskianian flytur erindi sitt á málþingi í Fella- og Hóla­kirkju.

fullorna fólk sem dvelur á Eir er allt öðru vísi heldur en mín kynslóð. Þetta er fólk með mikla reynslu af lífinu og það gefur sér tíma til þess að útskýra. Ég hef lært margt af því um lífið og tilveruna. Þetta fólk sér heiminn umhverfis sig oft í öðru ljósi heldur en við sem erum yngri. Það hefur annað hjartalag og oft er svo mikil heimspeki í hugsun þess. Ég held að svona fólk sé hvergi annarsstaðar til - því miður."

### Ísland opnast smátt og smátt

Hvað vissi Nelly um Ísland þegar hún og fjölskylda hennar fóru að íhuga að flytja þangað. "Þegar að því kom að ég sótti um atvinnu- og búsetuleysi á Íslandi fór ég á bókasafn og athugaði hvað væri til um Ísland. Mér fannst nauðsynlegt að vita eitthvað um landið og ég fór að lesa þær bækur sem ég gat fengið í bókasafninu á rússnesku. Með því aflaði ég mér nokkurra upplýsinga um landið, sögu þess og náttúru sem komu mér að gagni eftir að ég kom hingað.

En það verður alltaf öðru vísi að lesa um tiltekið land í bókum heldur en að sjá það með eigin augum og kynnast fólkinu sem þar býr." Þrátt fyrir að hafa lesið sér til segir Nelly að margt hafi komið sér á óvart hér á landi. "Mér finnst Ísland vera land sem opnast smátt og smátt. Ef ég ber það saman við Georgíu þá finnst mörgum, sem koma þangað í fyrsta skip­ti að landið strax fallet. Fyrstu viðbrögðin verða allt önnur hér. Þegar ég kom út úr flugvélinni á Keflavíkurlugvelli þá fannst mér þetta vera eins og ég hafði ímynd­að mér að væri að koma til tunglsins. Þetta var allt annað en það sem ég þekkti. Allt var grátt þótt væri miður júní. Náttúran var allt önnur og veðurfarið öðruvísi en ég hafði vanist. Í Georgíu er allt grænt á þessum tíma og mikið af blómum í fullum skrudu. En ég lét það ekki setja mig út af laginu. Ég varð ekkert stressuð yfir þessum gráa lit, gróðurleysinu, vindunum og rigningunni. Alls ekki. Ég vissi að þetta var eitthvað sem ég yrði að venjast."

### Gátum komið löglega

Ef af hverju valdi Nelly Ísland svo langt í burtu og svo ólíkt um margt þegar kom að þeim tíma­mótum í lífi fjölskyldunnar að reyna fyrir sér í öðru landi. Hún segir að fyrir og um aldamótin 2000, áður en Ísland varð hluti af Schengen svæðinu, hafi landið verið eitt þeirra sem gat tekið við fólki frá sínu svæði. Miklu erfiðara hafi verið að komast til lands innan Schengen eins og t.d. til Þýsk­alands. "Ísland var eitt þeirra landa sem við gátum komist til með lög­legum hætti og ég vildi ekki fara þangað sem ég hefði ekki dvalar­leyfi og full réttindi. Ég vildi ekki verða ólögleg í einhverju landi. Þetta var aðalástæðan fyrir því að við völdum Ísland. Ég gat heldur ekki hugsað mér að fara tíma­bundið til annars lands til þess að vinna og ná mér í peninga með ólöglegum hætti og fara svo heim aftur." Nelly kom fyrst ein en eigin­maður hennar og eldri dóttir komu um mánuði síðar en yngri dóttir þeirra fæddist hér á landi. "Við ræddum þetta ýtarlega í fjöl-

skyldunni og skipulögðum með þeim hætti að ég færi fyrst og útvegaði mér vinnu og þau kæmu á eftir. Við vorum búin að íhuga um tíma að flytja til annars lands og reyna fyrir okkur þar. En við höfðum ekki mikinn tíma til að taka ákvarðanir vegna þess að dóttir okkar var orðin fimm ára og við vildum vera farin og búin að koma okkur fyrir á nýjum stað áður en hún þyrfti að fara í skóla. Það hefði orðið mun erfiðara fyrir hana að byrja í skóla í Georgíu og þurfa svo að skipta um og byrja á öllu upp á nýtt í nýju landi. Byrja með nýtt tungumál, nýtt námsefni og algerlega nýtt umhverfi." Þegar þau komu fór eiginmaðurinn fljótlega að vinna og dóttirin fór í sumarskóla til þess að undirbúa hana fyrir almenna skólalagöngu."

### Hún skyldi að hún varð að aðlagast hópnun

Nelly segir að sumarskólinn hafi verið mjög góður fyrir hana einkum til þess að æfa tungumálið og einnig til að byrja að kynnast félagslífinu. Þó börn séu fljót að breyta til, læra og mun fljótari en fullorðið fólk að aðlagast nýju umhverfi, þá séu það svo mikil umskipti að fara á milli ólíkra landa að þau þurfi að fá tíma til þess að aðlagast þeim. "Dóttir mín hafði lært svolítið í ensku áður en hún kom hingað en það hjálpaði henni ekki neitt. Krakarnir sem hún umgekkst kunnu ekkert í ensku en hún gat notað hana til þess að tala við kennarana í sumarskólanum. Við fengum ensku­kennslu fyrir hana í leikskólanum í Georgíu vegna þess að í fyrstu lá ekki fyrir til hvaða lands við mundum flytja. Enska er algengt tungumál og gat því hugsanlega komið henni að gagni í nýja landinu þótt það reyndist ekki rétt nema að mjög takmörkuðu leyti hér á landi." Varð þetta erfitt fyrir hana. "Já - það varð ákveðið áfall fyrir hana vegna þess að hún er félagslynd. Hún hafði líka verið eina barnið í fjölskyldunni, eini litli ættinginn og því prinsessan heima. Hún var mikil afa og ömmu­stelpa og hafði aldrei vanist því að vera einangruð. Þetta var erfitt fyrir hana og hún spurði okkur af hverju enginn vildi leika við hana. Krakkar segja allt hreint og beint og sögðu henni bara að hætta ef hún reyndi að tala við þau vegna þess að þau skyldu hana ekki. "Hættu" var fyrsta orðið sem fimm ára stelpa lærði þegar hún kom til Íslands vegna þess að hún

**HVAR ER ÞITT EGO?**

**BENSÍN DÍSEL**

**KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGUR!**

**EGO**  
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is

átti að hætta að tala eitthvert bull sem þau skyldu ekki." Nelly segir að hún hafi farið að gráta heima á kvöldin. Ekki viljað fara aftur í skólann. Bara viljað fara heim og fá vini sína heima í Georgíu. Og hvað gerði hún þá "Ég settist á móti henni við eldhúsbörðið og talaði við hana eins og fullorðna manneskju. Ég sagði henni að við værum komin hingað til þess að vinna og til að eiga hér heima. Við gætum ekki farið til baka og því yrðum við að gera það besta sem við gætum til þess að vinna úr þessu og til þess að komast að í hópnum. Ég sagði henni að það lærði enginn tungumál til þess að leika sér við hana heldur yrði hún að byrja og gera sitt besta til þess að reyna að læra tungumálið sem þau töluðu. Og mér kom á óvart hvað hún var fljót að átta sig á þessu. Hún tók þessu eins og fullorðin. Hún hætti að kvarta og neita að fara í skólann en fór þess í stað að undirbúa sig. Hún var alveg tilbúin til að einbeita sér að því að læra tungumálið. Hún áttáði sig á því að hún yrði sjálf að breyta til þess að nálgast hina krakkana og verða ein af hópnum." Nelly segir að þessi undirbúningur, sem hún fékk í sumar-skólanum hafi hjálpað henni mikið og hreinlega nægt til þess að hún gat strax verið með þegar hún kom í Engjaskóla í Grafarvogi fyrsta haustið sitt á Íslandi þar sem hún fékk síðan aukakennslu í íslensku fyrsta skólaárið.

#### Aðalatriðið er að læra tungumálið

Dóttirin var fljót að aðlagast nýju umhverfi en hvernig gekk Nelly sjálfri að laga sig að þeim breyttu aðstæðum sem búseta og starf í nýju landi hafði í för með sér. Hún segist hafa verið heppin að vera með fyrstu útlendingun-

um sem komu til starfa á Eir. "Ég byrjaði að vinna með íslenskum konum og fyrstu tvær vikurnar á nýja vinnustaðnum var hálfgerst sjokk. Ég var mállaus og sama sem heyrnarlaus þar sem ég skyldi ekki fólkið. Enskan dugði mér nokkuð því ef ég spurði þá fékk ég svör en fólk talaði ekki við mig á ensku að fyrri bragði. Ég gat ekki alltaf verið að stoppa fólk við sína vinnu til þess að spyrja endalaust á ensku þegar það var að tala á sínu tungumáli. Mér leið illa út af þessu vegna þess að ég vildi alls ekki vera úti í horni heldur fá að vera með. En ég uppgötvaði strax ef þau voru að tala um mig þótt ég skyldi ekki orðin. En það var þó ekki ástæða þess að ég vildi geta skilið um hvað var verið að tala. Ég vildi bara geta fylgst með hvort sem var verið að tala um vinnuna, verkefni okkar á vinnustaðnum, eða eitthvað sem var að gerast úti í samfélaginu. Ég fletti dagblöðunum en gat ekki lesið þau. Ég skyldi bara myndirnir og það er ekki nóg. Mér fannst ég vera fötluð. Og ég varð reið út í sjálfa mig og fann að ég yrði að læra tungumálið."

#### Að koma til þess að búa eða vinna

Nelly segir að þörfin til þess að læra tungumálið og komast í samband við umhverfið verði meira ef fólk ætlar að setjast að til frambúðar eins og hún og fjölskylda hennar gerði. Öðru máli gegni um fólk sem sé að koma tímabundið til þess að vinna eða sinna einhverju ákveðnu verkefni og fara síðan aftur. "Þetta fólk er bara að sinna ákveðnu verkefni, fá launin sín og búið. Það hefur e.t.v. engan áhuga á því að kynnst landi og þjóð eða komast í félagsskap við umhverfið hér. Þetta fólk hefur aðeins áhuga á atvinnumarkaðn-

um en er ekkert að hugleiða þjóðina sjálfa, sögu hennar og menningu enda ætlar það sér ekki að búa hér til frambúðar. Oft kemur fólk líka til tímabundinnar vinnu án þess að hafa fjölskyldurnar með sér, sendir launin sín heim og lifir þröngu og einangruðu lífi með vinnufélögum. Þarna er um tvennskonar forsendur að ræða. Annars vegar fólk sem vill búa hér áfram en hins vegar fólk sem aðeins kemur í smá tíma til að vinna og hefur því ekki áhuga á því að laga líf sitt að þjóðfélaginu. Atvinnumarkaðurinn kemur líka til móts við þetta fólk. Það vantar fleiri starfsmenn og margt fólk frá öðrum löndum er tilbúið til þess að vinna fyrir lægri laun en þeir sem búa í landinu. Þetta er bara bisniss og hefur ekkert með málefni þess fólks að gera sem er að hefja framtíðar búsetu í nýju landi." Nelly bendir á að nú sé mun auðveldara fyrir fólk að komast hingað, þ.a.s. fyrir fólk frá Evrópusambandslöndum en var þegar hún og fjölskylda hennar komu til Íslands. "Við þurftum að fara í gegnum mikla athugun þar sem pappírarnir okkar voru skoðaðir gaumgæfilega. Nú er ekki einu sinni spurt um sakavottorð ef fólk kemur frá Evrópusambandslöndum. Við vitum því ekki hvaða

bakgrunnur það fólk hefur sem er að koma hingað." Nelly segir þetta varhugavert fyrir litla þjóð eins og Íslendinga og félagslega stöðu hennar. Að vita ekkert um hverskonar manneskjur það eru sem eru að koma til landsins eða hvað þetta fólk er að koma með til landsins. Hún segir að vissulega sé þetta byggt á lögum og reglum Evrópusambandsins og Íslendingar séu aðilar að þessum reglum og geti þar af leiðandi ekki breytt þeim. Á hinn bóginn hljóti að vera hægt að kanna starfsréttindi fólk. Hvort það hafi réttindi í því fagi sem það ætlar að starfa við og hverjir hafi verið vinnustaðir þess í heimalandinu. Hvort það hafi raunverulega unnið eitthvað við það sem það er að koma til þess að gera. "Það er beðið um meðmæli þegar Íslendingar eru að sækja um vinnu í sínu heimalandi. Er ekki alveg eins hægt að biðja um meðmæli þegar fólk frá öðrum löndum er að sækjast eftir störfum hér á landi."

#### Það var ég sem hafði breyst

Nelly ræddi að lokum nokkuð um samskipti fólks af erlendu uppruna við Íslendinga. Hún sagði að oft gæti tekið einhvern tíma að

venjast nýju fólki og síðum þess og venjum. "Ef ég tek dæmi af minni þjóð þá er algengt að það taka fólki strax opnum örmum og klappa á axlirnar á því. Íslendingar eru ekki svoleiðis. Þeir eru ekki eins opnir. Þeir fara varlega. Fylgjast með. Hvernig starfsmaður ertu. Hvernig félagi ertu. Þeir fylgjast með dag eftir dag og mánuð eftir mánuð. Þeir vilja kynnst fólki áður en það er tekið fyllilega í sátt. Ef maður ætlar að kynnst Íslendingum þá verður maður að virða þessi einkenni þeirra. Ef maður bregst þeim ekki þá bregðast þeir heldur ekki. En það tekur tíma fyrir fólk af erlendu uppruna að eignast Íslendinga að vinnum. Það er mikilvægt að ávinna sér traust rétt eins og það er mikilvægt að læra tungumálið. Ef ég horfi á sjálfa mig þá hef ég breyst á þessum sex árum sem ég er búin að búa og starfa á Íslandi. Ég hef lært af öðrum og hef e.t.v. átt auðveldara með það vegna þess að ég kem frá landi þar sem ólíkar þjóðir hafa orðið að búa saman. Ég hef fundið þetta þegar ég hef farið í heimsókn til Georgíu. Heimalandið hefur ekkert breyst. Það er ég sjálf sem hef breyst. Ég er orðin hluti af þessari þjóð þótt ég sé fædd og uppalin í öðru landi."

PRENTSMÍÐJAN  
**NES**

ÖLL ALMENN PRENTUN  
Sími 561 1594  
895 8298  
HRÓLFSSKÁLAVÖR 14  
NETFANG: NES@ISHOLF.IS

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

## Þú nærð lengra í CAMEL

Vandaðir herra- og dömuskór í miklu úrvali



Þar sem þú kaupir skóna þína!

**XENA**

SPÖNGINNI S: 587 0740 - MJÓDDINNI S: 557 1291

GLÆSIBÆ S: 553 7060 - BORGARNESI S: 437 1240



[www.xena.is](http://www.xena.is)

# Engin slaufa á Bústaðaveg

Ljóst er að hugmyndir Línuhönnunar um mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verða ekki að veruleika. Borgarráð féllst ekki á útfærslur verkfræðistofunnar sem kynntar voru í ráðinu á dögunum en óskaði jafnframt eftir nýjum hugmyndum um þessi gatnamót sem greiða mættu fyrir umferð og auka umferðaröruggi. Ástæður þess að borgarráð hafniði hugmyndum Línuhönnunar voru einkum vegna þess að þær voru taldar snerta um of umhverfi Elliðaáanna.

Fyrri tillaga Línuhönnunar að mislægum gatnamótum gerði ráð fyrir því að vestari kvísl Elliðaáanna yrði færð til um á um 200 metra kafla til þess að koma beygjurampi og undirgöngum fyrir. Í síðari tillögunni var ekki gert ráð fyrir færslu á farvegi Elliðaáanna en að beygjubrú vegna gatnamótanna lægi yfir farveg árinna. Borgarfulltrúum fannst ekki ásættanlegt að taka þá áhættu sem þessar framkvæmdir hefðu hugsanlega á lífríki árinna og óskuðu því eftir frekari hugmyndum og útfærslum til þess að greiða fyrir umferð á þessum gatnamótum. Ekki er um auðvelt verk að ræða þar sem vegastæði er mjög þröngt og einnig skammt í viðkvæmt útivistarsvæði auk Elliðaáanna. Gert var ráð fyrir að kostnaður við umferðamannvirki samkvæmt tillögum Línuhönnunar yrði á bilinu 430 til 490 milljónir króna en fjárveiting er til verksins á vegaáætlun ársins 2008. Gert er ráð fyrir að við gerð nýrra hugmynda um gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði hugað að öðrum lausnum en slaufmannvirkjum þar sem tæpast þykir nægjanlegt rými til þess að koma þeim fyrir án þess að



Bústaðahugmynd 1 og Bústaðahugmynd 2. Sem sjá má gerir önnur hugmyndin ráð fyrir undirgöngum undir Reykjanesbraut en hin fyrir brú yfir brautina. Hvorug hugmyndin þykir ásættanleg að mati borgarráðs.

valda óæskilegu raski á nánasta umhverfi. Greið umferð um gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er mikilsvert atriði fyrir

íbúa Breiðholtssins ekki síður en annarra byggða austan Elliðaáa og einnig Kópavogs.

## Áhugaverð sýning

Að undanfögnu hefur staðið yfir í Gerðubergi athyglisverð sýning á minjagripum frá Afríku sem Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, mannfræðingur sem hefur safnað saman. Á sýningunni er að finna allt frá gömlum og gildishlöðnum munum til ódýrra fjöldaframleiddra gripa sem sérstaklega verða til vegna sölu til ferðamanna. Á sýningunni hefur verið gott tækifæri til þess kynna sér menningarfar þessara fjölbreytta heimshluta, sem um margt er ólíkur því sem við eigum að venjast. Þetta safn gripa er að mestu leyti í eigu Íslendinga sem hafa verið búsettir í Afríku eða ferðast þangað af ýmsum ástæðum.

Minjagripir segja gjarnan sögu og veita upplýsingar um háttu þeirra menningarheima þaðan sem þeir eru upprunnir. Menningarheimar Afríku eru Norðurlandabúum trúlega meira framandi en menning annarra heimshluta og Afríka fjarlægari í huga fólks annarra en þeirra sem kynnt hafa

löndum í álfunni af eigin raun. Því má spyrja hvað nútímamanninum hér á landi komi fyrst í huga þegar Afríka er annars vegar. Sýningin í Gerðubergi gefur nokkra innsýn í þennan heim eða öllu heldur heima þar sem útilokað er að skilgreina þessa stóru heimsálfu sem eitt menningarsvæði. Með sýningunni skapast þó viss umræðugrundvöllur á milli tveggja heima - hins norræna og hins afríska sé talað um breytileg menningarsvæði sem eina heild. Hinir afrísku gripir vekja upp margvíslegar spurningar og veita í sumum tilvikum svör en vekja upp frekari forvitni í öðrum. En af hverju geta minjagripir hafa svo sterka menningarlega þýðingu. Minjagripir hafa fylgt manneskjunnunni frá alda öðli og hafa margvíslega snertingu við mannlíf og menningu. Þeir segja sögur, þeir veita innsýn í hugarheima og menningarkima hvaðan sem þeir koma. Sýningin í Gerðubergi er mjög áhugaverð að þessu leyti.

## Bókaspjall í Gerðubergi:



## Hvernig fannst þér þessi?

Þessi spurning er algeng í Gerðubergssafni fyrsta miðvikudag í mánuði, þegar fólk hittist í lauffléttu bókaspjalli. Á þessu hausti hefur verið spjallað tvisvar. Í fyrra skiptið um þær þúsund og eina bók sem allir þurfa að lesa áður en þeir deyja (1001 books you must read before you die) og þar kennir margra grasa. Flestir áttu sem betur fer margt eftir ólesið. Í þessa ágætu handbók er hægt að glugga á safninu ef vandi

er að finna eitthvað að lesa.

Í seinna skiptið var spjallað um norrænar glæpasögur. Þá voru umræður fjörugar, enda þekja flestir löggurnar Erlend og Wallander. Bókaspjallið er mjög óformlegt og boðið er uppá kaffi og konfekt og allir eru velkomnir, ekki bara lestrarhestar! Næst, miðvikudaginn 6. des., verður jólabókaspjall og verða glænýjar bækur til umfjöllunar, skoðunar og útláns. Spjallið hefst kl. 20.

## Alþjóðlegur hádegisverður í Fella- og Hólakirkju á sunnudaginn

Sunnudaginn 26. nóvember kl. 12 verður alþjóðlegur hádegisverður í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju. Þátttakendur taka með sér disk á hlaðborð með sínum þjóðarrétti og við fáum þá tækifæri til að smakka á ýmsum réttum. Boðið verður upp á skemmtiatriði. Verið innilega velkomin.

Next Sunday 26 November, 12 o'clock, we would like to welcome you to our culture crossed lunch at the community hall of Fella- and Hólakirkja church.

Participants will contribute a plate with their national dish so we will have the opportunity to get a taste of different foods. There will be entertainment provided. Everybody welcome.

W niedziale 26 listopada o godz. 12 będzie zorganizowany międzynarodowy obiad w parafii kościoła Fella- og Hólakirkja. (Cultured crossed lunch). Osoby chętne do wzięcia udziału proszone są o przyniesienie swoich potraw narodowych tak, abysmy wszyscy mieli okazjeskosztowacrózny chpotraw. W czasie spotkania przewidziane są inne rozrywki. Serdecznie witamy!

## SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASALI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

## Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700  
Fax 587 4712



## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

borgarblod.is

# Allt að verða vitlaust í Kasko

**50% afsláttur**

**Þú sparar 875 kr/kg**

**Borgarnes HAMBORGARHRYGGUR m/beini**

**875 kr/kg.**  
Verð áður 1.749 kr/kg

**25% afsláttur**

**Þú sparar 531 kr/kg**

**GÓÐI RAFTASKINKA**

**1.592 kr/kg.**  
Verð áður 2.122 kr/kg

**41% afsláttur**

**Þú sparar 300 kr/kg**

**BAYONNESKINKA**

**699 kr/kg.**  
Verð áður 998 kr/kg

**30% afsláttur**

**Þú sparar 1.093 kr/kg**

**Mattfugl FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

**1.586 kr/kg.**  
Verð áður 2.679 kr/kg

**Ísfugl KJÚLLI TEX MEX VÆNGIR**

**199 kr/kg.**  
Verð áður 384 kr/kg

**Þú sparar 200 kr/kg**

**Línuveidd LAUSFRYST YSA**

**399 kr/kg.**  
Verð áður 599 kr/kg

**Þú sparar 400 kr/kg**

**HUMAR 1 kg**

**599 kr/kg.**  
Verð áður 999 kr/kg

**50% afsláttur**

**NÁTTÚRA VÖFFLUR**

**99 kr/pk.**  
Verð áður 199 kr/pk.

**PEPSI MAX 2 ltr.**

**99**  
Verð áður 183

**44% afsláttur**

**Okkar SAMLOKUBRAUÐ**

**89 kr/pk.**  
Verð áður 159 kr/pk.

**40% afsláttur**

**NÁTTÚRA JURTARJÓMI 250 ml**

**89 kr/stk.**  
Verð áður 149 kr/stk.

**42% afsláttur**

**CAPRI SÚKKULADIBITAR 200g**

**98 kr/pk.**  
Verð áður 169 kr/pk.

-örugglega ódýrt!

**KASKO**

# Fjölsótt Kósí konukvöld í Garðheimum

Kósí konukvöld var haldið í Garðheimum í Mjóddinni á fimmtudagskvöldið var. Boðið var upp á margskonar vörukynningar, tískusýningu og margt fleira auk þess sem 20% afsláttur var veittur af vörum verslunarinnar meðan á konukvöldinu stóð á milli kl. 19 og 22. Mikill fjöldi kom í Garðheima og ekki eingöngu konur þar sem mátti sjá heilu fjölskyldurnar saman komnar. Þá voru dregin út vinningar og var stærsti vinningurinn ferð fyrir tvo með Ícelandair en félagið er nú að kynna sérstakar kvennaféðir. Þá var fólki boðið að reynslu-aka nýjum MCC Colt, bíl frá Heklu en vegna veðurs varð erfiðar um vik við reynsluakstur en vonir stóðu til en þess skal getið fyrir þá sem misstu af að áfram verður hægt að skoða bílinn og reynslu aka honum hjá Heklu.

“Ég tel að þetta hafi heppnast mjög vel hjá okkur sagði Jónína S. Lárusdóttir í Garðheimum í samtali við Breiðholtsblaðið. Þrátt fyrir eiginlega afleitt veður þá fylltist hér allt og fólk átti í erfiðleikum með að finna bílastæði.” Jónína segir að Garðheimar vinni eftir einskonar þemakorti þar sem efnit er til viðburða nokkrum sinum á ári í tenglum við árstíðir. Kósí konukvöldið tengist aðfara að jólum og ætlunin sé að gera það að árlegum viðburði. “Mér finnst nauðsynlegt að gefa fólki tækifæri til þess að koma saman á þennan hátt. Njóta skemmtiatriða og kynna sér hvað verður á jólamarkaðnum. Eitt af því sem við vorum sérstaklega að kynna eru nýjar jólaskeytingar en þær lúta lögmálum tískunnar eins og svo margt annað. Svart og silfrað



Náttföt fyrir börn og fullorðina voru sýnd á tískusýningu. Yngsti sýningarmeðlimurinn var aðeins um eins árs og sat á mömmuhandlegg.



Heilu fjölskyldurnar mættu saman. Þessar tvær voru ánægðar með ísinn sinn.

er litirnir að þessu sinni. Svolítið sérstakt en margir venjast því vel.” Kósí konukvöldið var unnið í samstarfi við marga aðila sem komu og kynntu vörur sínar og að sögn Jónínu var reynt að binda valið við árstíðina og þá viðburði sem framundan eru. Breiðholtsblaðið var á staðnum og myndirnar segja e.t.v. fleira en orðin.

# Gott að vera komin aftur í Breiðholtið

Ingunn Eydal, myndlistarmaður er einn frumbyggjanna í Breiðholti. Hún flutti í Vogaselið 1979 en húsin við götuna voru samkvæmt skipulagi sérstaklega hönnuð fyrir listafólk og byggð með þeim hætti að hluti þeirra var íbúðarhús en hluti rúmgóðar vinnustofur. Framan af var þessi gata byggð listafólki og er að hluta til enn þá en eins og gengur hafa sum húsanna að minnsta kosti skipt um eigendur og önnur starfsemi flust í götuna. Ingunn seldi hús sitt fyrir nokkrum árum og fluttist í Vesturbæinn en fyrir tveimur árum flutti hún aftur í Breiðholtið, að þessu sinni í Hraunbergið gegnt Heilsgæslustöðinni í Efra Breiðholti, þar sem hún er einnig með vinnustofu.

## Ánægð að vera komin aftur í Breiðholtið

“Ég er mjög ánægð að vera komin aftur í Breiðholtið. Mér fannst ég vera orðin Breiðhylltingur eftir árin í Vogaselinu og þegar ég fann mér hentugt húsnæði hér efra þá ákvað ég að slá til.” Ingunn segir að húsin þar sem hún býr nú við Hraunbergið hafi á sínum tíma verið hönnuð með einhverskonar handverksfólk í huga þar sem aðstaða sé til þess að vera með vinnustofur. “Ég veit þó ekki hvort nokkur nágranna minna



Ingunn Eydal í vinnustofu sinni við Hraunberg 5 í Breiðholti.

er að sinna listsköpun eða handverki. Þótt hverfi sem ætluð eru fólki með sérstakar þarfir eins og handverks- og listafólki geti verið ágæt þá hafa þau einnig sína galla. Sama húsnæðið hentar fólki ekki alla æfi vegna þess að fjölskyldustærðin breytist. Börnunum fjölgar, þau vaxa upp og eignast sína félag og þá er hámarkinu venjulega náð, síðan tínast þau að heiman og að lokum er maður kannski einn eftir og hefur engin not fyrir risastór einbýlishús. Það getur líka verið erfitt að selja mjög sérhönnuð hús eins og voru byggð í Vogaselinu og því geta húseignir í sérstökum hverfum allt eins orðið manni fjötur um fót. Ég var þó heppin að því leyti og er mjög ánægð hér í Hraunberginu.

## Málverk, grafík og gler

Ingunn tekur þátt í rekstri listagalleris við Skólavörðustíg í miðborginni og sinnir kennslu auk þess að starfa stöðugt að list sinni. Hún kveðst ekki kunna annað en vera sífellt að störfum en hún er búin að vera einn af þekktari myndlistarmönnum hér á landi í lengri tíma. Hún hefur bæði unnið að málverki en einnig unnið mikið af grafíkverkum en á síðari árum hefur hún snúið sér meira að glerlistinni. Á sýningu sem hún hélt í kjallaragalleríi við Skólavörðustíg fyrir nokkrum árum kom hún fram sem hugmyndaríkur og vandvirkur glerlistamaður sem mótaði hugsanir sínar ekki síður í gler en hún hafði áður geri í öðrum efnum. Um tíma vann Ingunn nokkuð með norrænar rúnir þar sem hún beitti hinu forna letri með myndrænum hætti í grafíkverkum sínum. Í viðtali sem tekið var við hana í til efni af opnun grafíksýningar fyrir nokkrum árum kvaðst hún vera að höfða til sögunnar. Hún velti hugmyndum sínum lengi fyrir sér

áður en taki til við að forma þær. “Þegar ég er ánægð með eitthvað, sem mér finnst segja sögu tek ég til við vinnuna.”

## Námskeið og listaverkasala

Í viðtali sem birt var við Ingunni í Café Existens, tímariti um norrænar listir, fyrir nokkrum árum ræddi hún m.a. um hvernig hún leiti sér þema frá fyrri tíð. Rúnirnar noti hún sem tákni fyrir menningararfinn og krafturinn og dulúðin sem þar sé að finna hafi alltaf heillað sig. Segja má að Ingunn haldi sig enn við sagnaarfinn þótt hún finni honum rásir í fleiri formum og nú einkum í glerlistinni. “Ég er einnig farin að fást við málverkið aftur eftir nokkurt hlé sem ég nýtti til þess að fást við grafíkuna og síðan glerlistina,” segir Ingunn sem haldið hefur á annan tug einkasýninga á ferli sínum og tekið þátt í um 150 samsýningum víða um heim. Hún er fædd í Svíþjóð og bjó þar fyrstu ár æfi sinnar en flutti síðan hingað til lands með foreldrum sínum og hefur búið hér á landi síðan. Hún hefur engu að síður haldið ákveðinni tryggð við Norðurlöndin og hefur sýnt mörgum sýningum, einkum í Svíþjóð en einnig í Finnlandi og Noregi auk fleiri landa. Nú stendur Ingunn fyrir námskeiðum í glerlist á vinnustofu sinni auk þess sem hún ætlar að efna til sérstakrar sölu á eldri verkum sínum og hefst salan helgina 25. til 26. nóvember n.k. “Ég ætti kannski að kalla þetta rýmingarsölu vegna þess að vinnustofan er fremur þröng en ég ætla að sjá til með viðtökurnar og hugsanlega framlengi ég sölu eitt hvíð,” segir Ingunn sem setur langan starfsdag ekki fyrir sig fremur en fyrri daginn og starfar við kennslu og listsköpun sem tekið hefur verið eftir.

## Café bar 8 kynnir opnunartíma o.fl.

Sunnudagar opið 12:00-24:00.

Boltinn í beinni.

Mánudagar 18:00-24:00.

Þriðjudagar 18:00-24:00.

Miðvikudagar 18:00-24:00.

Pilukast alla miðvikudaga.

Fimmtudagar 18:00-01:00.

Skemmtikvöld.

Föstudagar 17:00-03:00.

Laugardagar 12:00-03.00.

Boltinn í beinni.

Afhugið

Trúbador aðra hvora helgi.

Café bar 8  
Hraunbergi 4  
Sími: 557-2100.

Hot spot  
Þráðlaust netsamband.









Svandís Sverrisdóttir, þjónustustjóri SPRON, í Álfabakka 14 í Mjóddinni í Breiðholti.

## SPRON hlýtur viðurkenningu jafnréttisráðs

Sparisjóður Reykjavíkur, SPRON, hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir árið 2006 og er fyrstur allra fjármálafyrirtækja til að hljóta þessa viðurkenningu. Meginástæða ákvörðunar ráðsins er að hjá SPRON er lögð sérstök áhersla á skýra jafnlaunastefnu og afstaða starfsmanna til stöðu jafnréttis í fyrirtækinu er könnuð árlega. Með viðurkenningunni vill Jafnréttisráð vekja athygli á virkri jafnlaunastefnu innan fyrirtækisins, inniheldur að árlega eru laun karla og kvenna hjá fyrirtækinu skoðuð sérstaklega í þeim tilgangi að gæta jafnréttis og koma í veg fyrir að mismunur eigi sér stað. Formaður starfsmannafélags SPRON hefur einnig heimild til að fá upplýsingar um launakjör starfsmanna í þeim tilgangi að gæta jafnréttis í launamálum kynjanna.

### Vinnustaðagreining á hverju ári

Á hverju ári er framkvæmd sérstök vinnustaðagreining til að kanna hug starfsmanna til

ýmissa þátta í starfsumhverfi SPRON. Þá er m.a. spurt um viðhorf til jafnréttismála hjá SPRON og hvort starfsmenn hafi orðið fyrir kynferðislegu áreiti eða einelti á vinnustað. Auk vitneskju um viðhorf starfsmanna hvetur vinnustaðagreining til umræðu og vekur athygli á viðbragðsáætlun SPRON í þessum efnum.

Jafnréttisráð telur að með þessum starfsháttum sýni SPRON gott starf á sviði jafnréttismála og vill með viðurkenningunni hvetja önnur fyrirtæki til líkrar starfsemi.

SPRON er fjármálastofnun á gömlum merg, öflugt fyrirtæki sem sýnir gott fordæmi í jafnréttismálum. Allt frá árinu 1997 hefur verið unnið eftir virkri jafnréttisáætlun en sérstök jafnréttisnefnd hefur það verkefni að fylgja henni eftir til hlítar. Hjá SPRON eru 40 stjórnendur og þar af 21 kona. Frá árinu 2004 hefur konum fjölgað í efstu stjórnendastöðum SPRON. Formaður stjórnar SPRON er Hildur Petersen og hefur verið það frá árinu 2004.



Styrkur Atlandsolíu og Breiðholtsbúa til umsjónarfélags einhverfra athentur.

## Atlandsolía og Breiðholtsbúar styrkja einhverfa

Atlandsolía og Breiðholtsbúar styrkja umsjónarfélag einhverfra. Styrkurinn er þannig til kominn að Atlandsolía hét á þá sem tóku þátt í Breiðholtsskokkinu á Breiðholtsdaginn fyrir nokkrum vikum. Styrkurinn er að upphæð 100 þúsund krónur og verður varið til þess að rjúfa einangrun og auka samskipti og félagslega virkni fullorinna einhverfa einstaklinga en félagið er að fara af stað með sérstakt verkefni af því tagi.

Kjörorðið Betra Breiðholt teng-

ist öllum verkefnum sem unnin eru til þess að efla félagsauð í hverfinu og einnig samstarfi íbúa, félaga, stofnana og atvinnulífs innan Breiðholtsins. Samstarf Atlandsolíu og Breiðholtsskokksins er verkefni af þessum toga en þar heitir atvinnufyrirtæki stuðningi við félagssamtök að því tilskyldu að íbúar hverfisins sýni þátttöku í verki og upphæðin hækki eftir sem fleiri komi til þess að taka þátt.

Práinn Hafsteinsson frístundaráðgjafi skrifar:

# Breiðholtsunglingar vekja athygli fyrir góðan árangur

Samdóma álit þeirra sem vinna daglega með unglingunum í Breiðholti er að mikill meirihluti þeirra standi sig afar vel og haustið hafi verið eitt það besta hvað varðar hegðun og framgöngu unglinganna í langan tíma. Starfsfólk grunnskólanna lætur vel af samstarfinu við þá. Nemendur allra skólanna í hverfinu undirbúa nú þátttöku í árlegri hæfileikaþætti ÍTR „Skrekk“ með dyggri aðstoð kennara og starfsfólks félagsmiðstöðvanna í hverfinu. Tónlistaráhugi er mikill í hverfinu og m.a. fjöldi unglingahljómsveita starfandi. Góð aðsókn og virkni er í starfi unglinganna í félagsmiðstöðvunum Miðbergi og Hólmaseli. Víðtæk þátttaka er í íþróttæfingum íþróttafélaganna og íþróttakrakkarnir að bera hróður hverfisins víða. Sem dæmi um það er að Breiðholtsskóli sigraði í október í grunnskólámóti Reykjavíkur í knattspyrnu og Seljaskólannemendur sigruðu í sama mánuði grunnskólámót Reykjavíkur í frjálsíþróttum.

### Tilkynningum vegna unglingavanda fækkað verulega í Breiðholti

Það sem af er hausti hefur vandamálum sem tengjast hópa-myndun, vímuefnaneyslu, áfengisdrykkju og reykingum unglinga fækkað verulega í Breiðholti miðað við sama tíma í fyrra. Innbrotum í Breiðholti hefur fækkað jafnt og þétt s.l. fimm mánuði og alls um 45% á ársgrundvelli frá því fyrir tveimur árum.

### Gott samstarf foreldra, unglinga og starfsfólks stofnana og félaga í Breiðholti

Í haust hafði hverfislögreglan virkt eftirlit með því að börn og unglingar virtu reglur um útivist-



Öflugt starf fer fram í félagsmiðstöðvum í Breiðholti. Þessi mynd er tekin í Árseli.

artíma og var í góðu sambandi við foreldra þeirra barna sem þurfti að hafa afskipti af. Foreldraröltið er komið af stað í flestum skólum hverfisins og sérstakar athvarfsvaktir hafa verið settar á nokkrum sinnum í haust til að hnykkja enn frekar á að reglur um útivistartíma séu haldnar. Samstarf lögreglu, skóla, félagsmiðstöðva og þjónustumiðstöðva í Breiðholti er mjög traust og ákvarðanir um viðbrögð og forvarnir teknar að höfðu samráði þessara aðila. Síðast en ekki síst og það sem skipti sköpum um að árangur náist er að foreldrar

ásamt börnum sínum og unglingum hafa haldið betur á málum en áður. Samstarfsvilji foreldra hefur verið til fyrirmyndar í haust þegar lögregla, félagsráðgjafar og starfslið félagsmiðstöðvanna hafa þurft að hafa afskipti af unglingunum. Þegar mikill meirihluti íbúanna og starfsfólk stofnana og félaga vinna markvisst að því að gera Breiðholtið enn betra næst árangur sem allir geta verið stoltir af. Breiðholtsbúar, höldum áfram á þessum nótum og gerum Breiðholtið að besta hverfinu í Reykjavík.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298



Borgarbókasafn  
Gerðubergssafn  
Gerðubergi 3-5  
s. 557 9122  
www.borgarbokasafn.is

Gerðubergssafn  
er safnið í þínu hverfi



### Lauflett bókaspjall

fyrsta miðvikudag í mánuði í vetur

Viltu heyra hvað aðrir lesa eða spjalla um bækur sem þú hefur lesið eða langar til að lesa?

Kíktu þá í bókaspjall með okkur!

Við hittumst kl. 20.00 og fáum okkur kaffi og konfekt í leiðinni

Fyrir áramót verður bókaspjallið 1. nóvember og 6. desember

Verið velkomin

Opið öll  
miðvikudagskvöld  
til kl. 21.00

bækur, tímarit, dagblöð, tónlist, kvikmyndir og fræðslumyndir

## Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



**Sigurjóna Sigurðardóttir er lesandi Breiðholtsblaðsins í nóvember. Hún starfar hjá Heilsugæslustöðinni í Efra Breiðholti.**

Frá unglingsárunum hef ég haft mikinn áhuga á bókum. Ég á góðar minningar úr foreldrahúsum þegar öll fjölskyldan sat í stofu og foreldrarinnir mínir skiptust á að lesa úr jólabókunum. Á mínum vinnustað er oft rætt um bækur og skipst á bókum. Mér finnst mjög gaman að lesa bækur frá mismunandi menningarheimum sem gefa innsýn í lífið og tilveruna. Einnig hef ég gaman að spennu- og njósnasögum og hef lesin allmargar þannig.

Bókin sem ég er að lesa núna heitir Empress Orchid eftir Anchee Min og er það skáldsaga sem byggir á lífi síðustu keisaraynjunnar í Kína. Hún fjallar um unga stúlku sem flytur til Peking ásamt fjölskyldu sinni eftir að faðir hennar deyr. Við lát föðurins missir fjölskyldan alla vegsemd og virðingu og reynist lífið þeim erfitt þar sem þau eru háð velvild ættingja. Orchid tekur til sinna ráða til að bjarga fjölskyldunni. Sagan lýsir á einstakan hátt umhverfi Forboðnu



Sigurjóna Sigurðardóttir

Borgarinnar, síðum og háttum, einangruninni, afbrýðiseminni, samkeppninni og almennt lífinu þar. Fróðleg bók um fyrra tímabil í sögu Kína sem í er ákveðin spennu og skemmtun.

Flugdrekaflauparinn eftir Khaled Hosseini er mér ofarlega í huga en ég las hana fyrir stuttu. Vel þýdd bók sem skilur mikið eftir sig. Saga tveggja drengja í Afganistan af ólíkum þjóðfélagsstigum. Tengsl þeirra

og einstök vinátta þar sem annar drengurinn gefur allt sitt í vináttuna. Hún segir líka frá afleiðingum aðgerðaleyfis þegar utanaðkomandi yfirgangur og skepnuskapur tekur yfirhöndina. Þessi bók gefur innsýn í líf þessarar stríðshráðu þjóðar sem við fylgjumst oft með í fréttum. Hún segir líka frá samfélagi Innflytjenda frá Afganistan í Bandaríkjunum og ekki má gleyma tengslum sonar og föður sem spilar stórt hlutverk í bókinni.

Rohinton Mistry er indverskur höfundur sem ég hef lesið nokkrar bækur eftir og er bókin A Fine Balance sérstaklega eftirminnleg. Hún segir frá ungri konu og lífsbaráttu hennar og þeim erfiðleikum sem fylgja því að vilja vera sjálfstæð kona í indversku samfélagi. Einnig segir frá tveimur frændum sem koma til stórborgarinnar til að efnast. Lífið er þessum þremmingum erfitt en höfundurinn hefur einstakt lag á að hrífa mann með sér í ókunnan menningarheim.

Ég skora á Guðrúnu Elínu Kaaber að segja frá sínum bókum í næsta Breiðholtsblaði.



Tilbúnað að versla.

## Stelpukvöld í Hólagarði

Glæsilegt stelpukvöld var haldið í Hólagarði fimmtudagskvöldið 2. nóvember sl. Það voru verslanirnar Vefta tískuföt og Nana snyrtivörur sem stóðu fyrir stelpukvöldinu sem var vel sótt þrátt fyrir rok og rigningu og að óveður væri í aðsigi. Stelpur á öllum aldri fjölmenntu í Hólagarði til þess að kynna sér vöruúrval verslananna í aðdraganda jóla, versla og bragða á veitingum sem boðið var upp á. Ekki var annað að sjá og heyra en stelpur Breiðholtsins

væru ánægðar með þetta framtak verslananna og Katrín Óladóttir í Vefta tískuföt sagði gaman að geta boðið upp á svona kynningu og hitta viðskiptavinina við öðruvísi tækifæri. Hún sagði að með þessu vildu þær sem að stelpukvöldinu stóðu gefa konum í hverfinu tækifæri til þess að koma og skoða og versla utan hins hefðbundna verslunartíma og einnig til þess að sýna sig og sjá aðra og þiggja veitingar.

**Stefán Jóhann Stefánsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í hverfisráði Breiðholts skrifar**

## Allir eiga að geta notið gæða borgarsamfélagsins

Nýlega spratt upp umræða um stöðu innflytjenda hér á landi. Það er mikilvægt að ræða um þjóðfélagsþróun af þessu tagi, en það verður að gera með hliðsýn af haldgóðum gögnum eftir því sem unnt er, af yfirvegum og án fordóma. Ríkisstjórnin vaknaði við þessa umræðu af værum blundi og greip til ýmissa ráðstafana sem sumar hverjar hefðu mátt koma mun fyrir.

### Fjölbreytnin eykst

Þegar ég varð þess áskynja síðastliðið vor hversu mikil breyting hefði átt sér stað í einum af skólum hverfisins hvað fjölda innflytjendabarna varðaði sá ég í hendi mér að við því yrði að bregðast. Það þyrfti ekki aðeins að styrkja skólann til að sinna hlutverki sínu fyrir bæði nýaðflutta og aðra nemendur, heldur þyrfti að grípa til ráðstafana til þess að styrkja færni foreldra í nýbúáhópnum í íslensku og auðveldla þessum fjölskyldum jafnframt að gerast virkir þátttakendur í félagslífi, menningarlífi, íþróttar- og tómstundastarfi. Til viðbragða var gripið strax sl. vetur af þáverandi menntaráði. Skólinn hefur fengið aukin fjárfraðslög eftir því sem ég best veit og lagður var grunnur að því að styrkja þjónustumiðstöðina í Breiðholti til þess að sinna þessum málaflokki. Nú þarf að fylgja því eftir að efla þjónustumiðstöðina að þessu leyti. Ég bind miklar vonir við þá starfsemi, ekki síst þar sem það hefur vakið eftirtekt mína hversu mikil ánægja ríkir um starfsemi þjónustumiðstöðvanna.

### Upplýsingum safnað

Á fundi hverfisráðs Breiðholts 8. október síðastliðinn óskaði ég m.a. eftir því að aflagð yrði gagna um fjölda barna innflytjenda í skólum, leikskólum, á frístundaheimilum, um þátttöku þeirra í íþróttar- og tómstundastarfi og um þátttöku foreldranna í foreldrastarfi. Markmiðið er bæði að fá fram hver þróunin í þessu er og eins hvort rétt sé sem kunnugir hafa haldið fram

að tilteknir hópar séu að einangrast í samfélaginu. Það væri slæmt ef það gerðist og það er í þágu allra að vinna gegn því. Má í því sambandi m.a. benda á sjónarmið Helga Gunnlaugssonar, prófessors í félagsfræði, í Kastljósi Sjónvarpsins nýlega.

### Vinnum saman

Það verður ekki komist hjá því að skoða þessi mál, en það verður að ræða þau af stillingu. Við verðum að vera minnug þess að atvinnurekendur hafa kallað eftir starfsfólki erlendis frá. Þetta fólk vinnur sín störf, greiðir sína skatta, kaupir sér eða leigir húsnæði og kemur sér oft fyrir með fjölskyldur sínar. Erlent vinnuafli hefur í mörgum tilfellum bjargað atvinnulífi í heilum byggðarlögum. Atvinnurekendur líta kannski fyrst og fremst á innflytjendur sem vinnuafli, en sveitarfélög og opinberir aðilar verða að skoða málin í víðara samhengi því þetta vinnuafli er fólk af holdi og blóði, með sömu þarfir og tilfinningar og aðrir, og þörf fyrir samskonar þjónustu. Atvinnurekendur

og ríkisvaldið þurfa að taka meiri ábyrgð á fjölgun innflytjenda í landinu. Eftir sem áður hafa ýmsir sýnt lofsvert framtak. Þar má t.d. nefna ákvæðnar í þróttadeildir í hverfinu sem hafa sýnt visst frumkvæði með því að þýða kynningarefni fyrir innflytjendur. Þá hefur verið unnið að tillögugerð á vettvangi borgarstjórnar sem verður kynnt þessa dagana. Sem stendur er einna mikilvægast að gera skólum kleift að taka á móti innflytjendabörnum, að efla íslenskukennslu, að auka getu þjónustumiðstöðvanna í hverfum borgarinnar til að sinna þessum málaflokki og vinna þannig að málum að allir geti tekið þátt í tómstundastarfi því sem borgin býður upp á. Látum það gerast!



Stefán Jóhann Stefánsson.



Í Fella- og Hólagarði er boðið upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir alla aldurshópa. Reynt er að hafa dagskrá þannig að hún höfði til sem flestra og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hópur eldri borgara í Fella- og Hólagarði hittist á þriðjudögum kl. 13 til 16. Þar er spilið vist fyrir þau sem vilja en hinir sitja og spjalla saman og taka jafnvel handavinnu með. Það er alltaf boðið upp á skipulagða dagskrá hvern þriðjudag. Má þar nefna leitarköfun,

tónlist, ýmiskonar fræðslu og erindi. Hópurinn fer einnig saman í ferðalög. Lesin er framhaldsaga og boðið upp á kaffi og meðlæti. Síðan er alltaf endað með helgistund í kirkjunni. Hópurinn sem hittist reglulega fer ört vaxandi og er þetta orðinn myndarlegur hópur þar sem er glatt á hjalla og gott andrúmsloft. Allt eldra fólk í Efra Breiðholti ætti ekki að láta þetta starf fram hjá sér fara. Verið innilega velkomin í Fella- og Hólagarði.

## Seðjandi tilboð fyrir þá sem sækja...



Stór Pizza með 3 áleggjum og Shake 1.590-

Stór Pizza með 3 áleggjum, brauðstangir og 2ltr. gos 1.890-

Shake með pizzu 250-



Mjódd  
Dalbraut  
Hjarðarhaga

☎ 5 68 68 68

100%  
íslenskur  
ostur

## Fréttaskýring

## Kosningavetur hafinn - um hvað verður kosið?

Kosningavetur er hafin. Prófkjör og önnur vinna við undirbúninga að framboðum er komin á skrið. En um hvað verður kosið á komandi vori. Verða það hefðbundin kosningamál eða má búast við að önnur mál hafi áhrif á kosningaúrslit. Umræðan um umhverfismál er orðin svo öflug að tæpast neinn stjórnmálaflokkur getur látid hana fram hjá sér fara. Enginn stjórnmálaflokkur getur heldur eignað sér hana og beitt henni fyrir sig sem sérstöku máli í kosningum. Hún er að því leyti af svipudum toga og jafnréttismálin. Að vera á móti bættri umgengni um umhverfið og aukinni aðgát í nýtingu þess jafngildir því að fara sjálfviljugur í skammarkrókinn.

## Sjálfstæðisforystan og ný mál

Aukin áhersla á velferðarmál var áberandi í boðskap Sjálfstæðismanna fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar og ljóst að forystunni var nokkurt kappsmál að ýta flokknum inn á miðjuna. Þessar áherslubreytingar eiga sér annars vegar stað í breyttum hugsunarhætti og þá einkum á meðal yngra fólks sem leggur minni áherslu á harða frjálslyngju en áður en einnig til þess að mæta stórum jafnaðarflokki sem orðin er til á Íslandi en var ekki í tímans rás. Niðurstöður úr prófkjöri sjálfstæðismann í Reykjavík á dögunum renna stoðum undir þessa kenningu þar sem þeir sem teljast verða sigurvegarar lögðu nokkra áherslu á hin mýkri sjónarmið auk umhverfismála en harðlínunum áttu erfiðara uppráttar.

## VG elta Samfylkinguna

Viðbrögð við þessari þróun má

einnig sjá hjá Samfylkingunni. Viss tilhneiging hefur verið til þess að draga flokkinn inn að miðjunni í anda evrópskra jafnaðarflokka. Vandí hefur þó fylgt þeirri vegsemd vegna þess að við hvert skref sem stigið hefur verið í átt að miðju fylgja Vinstri grænir fast á eftir og næla að því virðist í fylgi þeirra sem síður hugnast sú hugsun að gera Samfylkinguna að hefðbundnu miðjustjórnmálaafli. Miðjusæknin endurspeglast þó nokkuð í úrslitum prófkjöra sem farið hafa fram þar sem jafnaðarmenn, jafnvel með pólitískar rætur í gamla Alþýðuflokknum, hafa náð árangri ekkert síður en fólk með uppruna í gamla Alþýðubandalaginu eða Kvinnalistanum. Forysta Samfylkingarinnar virðist þó hafa áttað sig á að feminísk harðlínustefna höfðar aðeins til takmarkaðs hóps kjósenda og er ekki vænleg fyrir hreyfingu sem leitast við að ná til fjöldans sem annar stærststjórnmálaflokkur þjóðarinnar. Hinar fjölbreyttu rætur Samfylkingarinnar hafa gert henni nokkuð erfitt um að koma fram sem einn og heilsteypur flokkur og mörgum því reynst erfitt að átta sig á því fyrir hvað hún stendur. Einnig háir Samfylkingunni að hafa ekki átt aðild að ríkisstjórn. Hana skortir því verk til þess að leggja í dóm kjósenda og verður að stóla á stefnumörkun og kosningaloforð.

## Framsókn í kreppu

Framsóknarflokkurinn virðist eiga í umtalsverðri kreppu. Um hann gildir að einhverju leyti hið sama og um aðra hefðbundna bænda- og landsbyggðaflokka í Evrópu sem hafa átt í erfiðleikum með að finna sér farvegi í breyttu þjóðfélagi. Um miðjan síðasta ára-



Spurningar eru um eftir hverju kjósendur muni fara þegar þeir velja menn til þess að starfa í þessu húsi næstu fjögur árin.

tug reyndu framsóknarmenn að finna sér þennan farveg. Þá hafði um tíma verið umtalsvert atvinnuleysi en stefnan var sett á að skapa að minnsta kosti tólf þúsund ný störf í landinu á skömmum tíma. Markið var sett nokkuð hátt en það sem meira var að það náðist og nokkuð meira. En flokkurinn hefur ekki notið þess í neinu heldur líta nú færri og færri til hans sem áhugaverðs stjórnmálaafli. Umhverfismálin á umtalsverðan þátt í því vegna þess að hin tólf þúsund störf eiga sér um margt beinar og óbeinar rætur í orkuvæðingu og orkusölu, því sem kallað hefur verið stóriðjustefna stjórnsvalda. Framsóknarflokkurinn hefur átt erfitt með að bregðast við gagnrýni umhverfismálin en ófyrirséð er enn hvort þessi umræða nær að draga kjósendur frá honum í umtalsverðum mæli. Þá viðirst lítt gagnast Framsóknarflokknum sú góða staða í jafnréttismálum að eiga þrjá kvennráðherra í ríkisstjórn fyrstur flokka hér á landi.

## Hvað um frjálslynda

Ekki er gott að segja til um hvaða flokksins mun hafa til lengri tíma. Flokknum var lífsnauðsynlegt að finna sér nýtt málefni ætli hann að fá einhverja athygli í komandi kosningum. Hann hefur mælt mjög illa í skoðanakönnunum og söguleg örlög flokka á borð við hann eru þau að þeir hverfa af sjónarsviðinu eftir eitt til þrjú kjörtímabil. Með því að opna umræðu um málefni útlandinga og nýbúa með þeim hætti sem liðsmenn hans hafa gert eru þeir að leitast við að færa hann af miðju stjórnmálanna í átt til þjóðernissinnaðra jafnarflokka í nágrennalöndunum. Af viðbrögðum og skoðanakönnunum við þessu útspli má á skynja að þessi sjónarmið höfða til einhvers hóps af fólki.

## Líkur á umhverfisframboði

Margir umhverfissinnar leggja

áherslu á aukna hátækni starfsemi, ferðaþjónustu og frekari þróun viðskiptalífs er tekið geti við af þeirri orkusölu og álframleiðslu sem einkennt hefur atvinnulífið að undanförunu. Því vaknar spurning um líkur á að til verði sérstakt umhverfissinnað og jafnvel þverpólitískt framboð. Vissulega eru þær líkur nokkrar. Umhverfismálin snýst m.a. um hvort og hvernig hægt sé að móta nýja sýn á framtíð þjóðarinnar. Sýn sem taki mið af umhverfismálum og náttúruvernd án þess þó að láta af leið öflug atvinnulífs og góðra lífskjara. Mörgum umhverfissinnnum þykja rætur Vinstri grænna liggja um of til vinstri og tilhneiging þeirra til þess að binda atvinnulífið í ríkisfjötra of sterk til þess að geta stutt þann flokk.

## Atvinnustefna og náttúruvakning

Ljóst má vera að kosið verður um framhald atvinnustefnunnar og hvaða atvinnugreinar geti komið til með að geta viðhaldið þeirri þróun atvinnu- og efnahagslífs sem hófst með EES samningnum og orkusölu-stefnunni og leitt hefur af sér það sem kalla má góðari liðinna ára. Einnig verður kosið um þá umhverfis- og náttúruvakningu sem farið hefur vaxandi að undanförunu. Hugsanlega verður kosið um málefni aldraðra, sem brenna nú ákafar á þjóðinni en áður og vera má að almenn lífeyrismál komi við sögu í kosningunum. Og þá er spurningin og um hvort nýbúaumræðan blandast í kosningamálin nú eftir að einn stjórnmálaflokkanna hefur hleypt henni af stað.

# SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

## LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaðum.
- Bónið endist lengur og billinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi  
er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á  
35x12,5 tommu  
dekkjum

Gældu við bílinn með léttum  
og mjúkum svampburstum  
aaaaahhhhh!

# LÖÐUR

miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | www.lodur.is





## TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Bolla Pétur Bollason

# Í leikskóla er gaman

Starf kirkjunnar er litríkt. Það er ekki óeðlilegt því samfélag hennar er á sama hátt litríkt, kirkjan er athvarf, sem rúmar allskonar fólk, á öllum aldri, með margvíslegar skoðanir. Það er stórkostlegt að eiga slíkan vettvang. Það eru gríðarleg forréttindi að fá að starfa innan kirkjunnar, fá að þjóna Guði og mönnum og miðla þeim boðskap, er gefur þessu lífi okkar dýpra gildi.

Nú er vetrarstarf kirkjunnar farið vel af stað, þar höfum við barnastarfið, fermingarstörfin, ýmiskonar fræðslustarf, tónlistarstarf og þannig má lengi telja. Allt er þetta mikilvægt og þarft og geri ég ekki upp á milli allra þessara starfsþátta. Hins vegar langar mig til þess að fjalla hér örhlítið um þátt innan barnastarfsins, sem snýr að samstarfi kirkjunnar og leikskóla.

Í Seljasókn hefur ríkt sterkt samband, byggt á áralöngu trausti, milli kirkju og annarra uppeldisstofnanna innan hverfisins, þar eru leikskólarnir engin undantekning. Lengi vel hafa allir skólarnir komið til kirkjunnar fyrir jólin, þar sem settir hafa verið upp helgileikir um fæðingu frelsarans og stoltir foreldrar hafa mætt á staðinn til þess að horfa á afkvæmi sín vinna sigra á leiksviðinu og lífa sig um leið inn í þann boðskap, sem gerir engum mein, heldur þvert á móti nærir sérhvert hjarta á þann hátt að við munum ávallt eftir því að við erum manneskjur, en ekki tilfinningalausir hlutir.

Þetta farsæla samstarf kirkju og leikskóla í Seljahverfi var útvíkkað og aukið fyrir tæpum fjórum árum síðan með þeim hætti að fulltrúi frá kirkjunni fer í mánaðarlega heimsókn til þess að ræða við börnin um knýjandi spurningar þessarar tilveru okkar, klassísku biblíusögurnar og bænaversin hljóma, auk þess sem trúarlegur og veraldlegur kveðskapur er sungin af ríkri innlifun.

Umræddar heimsóknir hafa fallið mér í skaut og það skal ég segja af sannri einlægni, að það er mikið tilhlökkunarefni þegar kemur að þessum dýrmæta þætti kirkju og skólans í mánuði hverjum. Það er ekki nóg með að það sé spennandi að velta upp lífsins spurningum með þeim hreina huga, sem börnin búa yfir, heldur eru móttökur þeirra þess eðlis að þær sýna á svo ómengaðan hátt hvað börn eru gefandi og innhaldsríkar manneskjur, þau minna t.d. okkur fullorðna fólk stöðugt á það hvað við getum í raun flækt tilveru okkar að óþorfu.

Þá er ekki síður gefandi að setjast niður með kennurum og öðru starfsfólki leikskólanna að stundum loknum, fara yfir samstarfið, að ógleymsdu öðru því mikla og óeigngjarna starfi, sem þar er unnið. Í því samhengi er það m.a. mjög svo upplýsandi að fá að heyrast af og kynnst markvissum stefnum og kennsluháttum innan veggja leikskólanna, sem móta börnin okkar með jákvæðum hætti til framtíðar.

Það er dýrmætt þegar stofnanir þjóðfélagsins taka höndum saman og vinna saman að því marki að standa vörð um heill einstaklingsins. Það er svo ótalmargt, sem kemur upp í lífi okkar og tilveru, jafnvel á stundum fyrirvaraust. Það eru gleðilegir atburðir og þeir geta vissulega verið sorglegir líka.

Það þekkjum við mörg að kirkjan og heilbrigðisstofnanir samfélagsins eru oft og tíðum í nánu samstarfi, þar sem skjólstæðingar og aðstandendur þeirra eru að takast á við áleitnar aðstæður og spurningar í tengslum við leyndardóma lífs og dauða. Í því sambandi er óskað eftir þeirri sálægslu, sem kirkjan hefur upp á að bjóða og felur í sér þá sýn á lífið, sem styður í slíku ferli.

Óhjákvæmilega á það ekki bara við um heilbrigðisstofnanir, heldur einnig við uppeldisstofnanir, því áföll lífsins gera ekki alltaf boð á undan sér. Þá verður skilningurinn jafnvel ennþá minni og spurningarnar mun meira krefjandi. Í þeim aðstæðum þurfa allir aðilar að standa saman og hlúa að. Í slíkum tilvikum er gott að þekkjast og vita af öllum þeim leiðum, sem til eru, til þess að sjá fram úr dimmum dal áfalla og sorga.

Í ljósi framangreindrar ástæðu sem og ýmissa annarra, að þá er hverskonar samstarf félagslegra stofnanna í þjóðfélaginu mjög mikilvægt og dýrmætt skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra til heilla og blessunar.



Ragnar Snorrason við slípirokkinn þar sem hann slípar rispaða geisladiska sem gerir það að verkum að hægt er að nálgast efni af skemmdum disku.

## Gerir við rispaða geisladiska

“Þetta er vel mögulegt og hefur oft tekist með góðum árangri,” segir Ragnar Snorrason í Grensásvídeó en hann býður þjónustu sem ekki er alveg víst að allir geri sér grein fyrir í hverju felst. “Þetta gengur einfaldlega þannig fyrir sig að ég slípa geisladiska sem hafa rispast og við það nær geislinn aftur í gegn og þeir verða nothæfir að nýju. Þetta er að sumu leyti frumstæð aðferð. Ég nota ákveðna gerð af slípirokk sem til þessa er ætluð og með því að slípa þunnt lag er hægt að afmá rispurnar af diskunum. Þetta á þó aðeins við ef rispurnar eru grunnar. Brotna diska er sjaldnast hægt að laga og ef um mjög djúpar skemmdir er að ræða er hætt á að slípa verið svo djúpt að sjálf brennslan skemmist.”

Ragnar segir það einkum vera leikjadiska sem fólk komi með til þess að láta slípa en einnig sé nokkuð auðvelt að laga diska með tölvuforritum með þessari aðferð. Hún gildi hins vegar ekki um tónlistardiska eða diska sem fólk brenni sjálf á í tölvum sínum. Ástæða þess liggir einfaldlega í

gerð diskanna. Leikja- og kerfisdiskar séu tvöfaldir þannig að brennslan liggir lengra inn í sjálfri plötunni og því ekki mikil hætt á að hún slípist burt við einfalda aðferð. Í öðrum diskum liggir brennslan svo grunnt að næstum ómögulegt sé að slípa þá án þess að innihald þeirra verði fyrir skemmdum eða ónýttist með öllu. Ragnar segir að þau verðmæti liggja oft í leikjadiskum og einnig ýmsum kerfisdiskum, sem geymi forrit að það borgi sig að gera við þá með þessum hætti. Öðru máli gegni um tónlistardiska og heimagerða diska sé auðvelt að brenna aftur eigi menn efni þeirra í tölvunni hjá sér. “Ég prófaði þetta fyrir nokkrum árum og hef verið að veita þessa þjónustu síðan. Ég held að ég sé sá eini sem er að sinna þessu nú í svipinn. Alla vega skilst mér það frá viðskiptavinum mínum. Þetta er dálítill vinna og maður má heldur ekki verðleggja hana of hátt því þá myndi ekki borga sig að láta gera við diskana,” segir Ragnar sem hefur opið hjá sér í viðóleigunni frá kl.14.00 á daginn til 23.30.

## Fór á Hvanneyri vegna umhverfisáhugans

Erla Sturludóttir stundar nám í umhverfisfræðum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hún er Breiðhyltingur í húð og hár og fjölskylda hennar býr í Breiðholti en sjálf býr hún á Hvanneyri um þessar mundir. Hún er stúdent frá FB og hóf síðan nám í jarðfræði við Háskóla Íslands. En af hverju valdi stelpa úr Breiðholti landbúnaðarháskóla?

“Ég hafði mikinn áhuga á umhverfismálum og eftir að ég fór að læra jarðfræði þá óx þessi áhugi minn enn frekar. Ég fór því að huga eftir hentugri leið til þess að fara í nám í umhverfisfræði og þá kom Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri helst til greina. Það er hægt að taka MS próf í umhverfisfræðum við Háskóla Íslands en ég hefði þá orðið að taka það ofan á eitthvert annað nám t.d. jarðfræðina vegna þess að umhverfisfræðin er ekki kennd til BS prófs. Ég vildi heldur byrja strax í umhverfisfræðinni en að halda áfram í jarðfræðinni og því varð þessi kostur fyrir valinu. Nei - þetta tengist ekki landbúnaði á neinn hátt og ég á engar rætur í sveit eða í sveitamenntu,” segir hún. “Námsframboðið hér er orðið svo fjölbreytt að það hentar mörgu fólk og ekkert síður fólk sem alíð er upp í þéttbýli og eins og ég er. Þótt skólinn heiti landbúnaðarháskóli og þar séu kennd búvísindi þá býður hann upp á margt fleira sem er áhugavert. Til marks um það þá er fjöldi námsfólks hér úr þéttbýli og ég held að fari rétt með að hér eru fleiri stelpur við nám en strákar



Erla Sturludóttir.

ar sem segir raunar nokkuð til um fjölbreytnina.” En hvernig tilfinning var fyrir Breiðholtsstelpu að setjast á skólabeck við landbúnaðarháskóla sem þar að auki er staðsettur úti í sveit? “Hún var mjög góð og er. Maður fékk strax á tilfinninguna að þetta sé alvöruháskóli með kennslugreinum og rannsóknarstörfum sem tilheyrja háskólaumhverfi en ekki bara sveitaskóli eða bænda-skóli eins og hann var á árum áður. Mér finnst mjög þægilegt að stunda nám hér á Hvanneyri.” En hvetur Erla ungt fólk úr þéttbýlinu til þess að huga að skóla á borð við landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þegar það velur sér framhaldsnám. “Já ég geri það ef áhugi þess er fyrir þeim kennslugreinum sem skólinn leggur áherslu á. Hér mjög fjölbreytt framboð eins og sjá má á

heimasíðu skólans og einnig mjög góðir kennarar. Þá er hér mjög áhugavert háskólasamfélag.” En saknarðu ekki Breiðholtsins og bæjarlífsins. “Nei ekki þannig séð. Ég fer auðvitað mikið til Reykjavíkur og kem í Breiðholtið þar sem móðir mín og yngri systkini búa enda er ekki nema um klukkustundar akstur hvora leið.” Erla hyggur á frekara framhaldsnám að náminu á Hvanneyri loknu. “Ég er að kanna nokkra kosti í því efni en ekki búin að taka ákvörðun enn sem komið er. Ég gæti þó trúað því að ég eigi eftir að setjast að Breiðholti síðar meir. Þegar ég fer að huga að íbúðarkaupum þá geri ég allt eins ráð fyrir að skoða fasteignaauglýsingarnar úr Breiðholti. Ég á auðvitað sterkar rætur þar.



Ásdís Ósk Valsdóttir og Hafdís Rafnsdóttir.

## Taka þátt í átaksverkefni

Ásdís Ósk Valsdóttir löggiltur fasteignasalali og Hafdís Rafnsdóttir sölufulltrúi hjá fasteignasöluverkefni RE/MAX Mjódd hafa ákveðið að taka þátt í árvefnisátakinu um brjóstakrabbamein, undir merkjum Bleiku slaufunnar, með því að láta ákveðinn hluta af sölubóknum í október renna til málefnsins.

Þær segjast vilja vekja athygli á baráttunni gegn brjóstakrabbameini en jafnframt afla fjár til þessa mikilvæga málefns. Þær benda á að þessi sjúkdómur snerti allar fjölskyldur á einn eða annan hátt. “Öll eigum við mæður, ömmur, systur og vinkonur og hver sem er getur átt á hættu að fá brjóstakrabbamein,” segja þær. Ef vel gengur í ár er líklegt að fleiri sölumenn taki þátt í þessu verkefni á næsta ári.

# Líf og fjör í góðri Grindavíkurferð

Í október síðastliðnum fóru 13 nemendur úr fjölmiðlafræði í FB í vettvangsferð til Grindavíkur, en ferðin er hluti af verkefni sem er unnið í áfanganum, FLM 2136. Tilgangur ferðarinnar var að fá heildaryfirsýn af Grindavík, einkskonar þverskurð af mann- og atvinnulífínu þar. Hópnum var skipt niður í minni hópa og átti hver hópur að sjá um ákveðin viðfangsefni. Mikill undirbúningur var fyrir ferðina því það þurfti að búa til spurningar og hafa samband við viðmælendur áður en lagt var af stað svo allt myndi smella saman.

Nemendurnir mættu um morguninn í skólann og svo var lagt af stað á einkabílum til Grindavíkur. Hópurinn hittist svo á veitingarstaðnum Brim þar sem nemendur dvöldu á milli viðtala. Þar gátu nemendurnir unnið úr efni sem komið var áður en haldið var af stað í næsta viðtal.

Eftir að nemendurnir komu til baka í bæinn fóru þeir beint í skól-



Þarna er fjölmiðlahópurinn ásamt kennurunum samankomin af aflokinni Grindavíkurferð.

ann til að klára að slá inn viðtölin, flokka ljósmyndir o.fl., en að sjálf-

sögðu var pöntuð pítsa því allir þurftu að fá næringu í kroppinn.



Breiðholtsskóli varð í síðasta mánuði sigurvegari í grunnskólamóti Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.

Efri röð frá vinstri: Prabin Robin Gurung, Elvar Snær Guðmundsson, Árni Indriðason, Sævar Ingi Sigurðsson, Davíð Már Stefánsson, Eyþór Guðnason kennari og Eyþór Ernir Oddsson. Miðröð frá vinstri: Sigurður Rúnar Rúnarsson, Brynjar Ingi Erluson, Gent Hoda, Gísli Karl Ingvarsson og Hrólfur Smári Pétursson. Markmaðurinn Ásgeir Kári Ásgeirsson er fremstur.

## Bókaútgáfa í Breiðholti

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur sent frá sér bókina Án lyfseðils sem inniheldur gamansögur af læknum, hjúkrunarfólki og sjúklingum. Bjarni Jónsson, læknir hefur safnað sögunum saman. Hólar hafa á undanförunum árum gefið út nokkrar bækur þar sem gamanmál af hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins eru dregin fram í dagsljósið. Þótt stundum geti verið um vinnustaðaskop og frásagnir af daglegri háttu fólks, sem er lagið við að sjá skoplegar hliðar á tilverunni að ræða, þá spanna þessar frásögur oft nokkuð víðara svið mannglegra mistaka, misskilnings og annars sem upp kann að koma í samskiptum fólks. Sumar þessara sagna hafa lifað með fólki sem einkskonar þjóðsögur, oft innan tiltekinna sté-

tta, en aðrar eru nýjar af nálinni. Án lyfseðils er engin undantekning að þessu leyti og er hressileg lesning sem kítlar hláturtaugarnar.

Hólar hefur einnig sent frá sér útlífisbókina Úr útiverunni - Gengið og skokkað eftir Bjarna E. Guðleifsson, náttúrufræðing og útivistarmann. Bjarni er fjölfróður um náttúruna og landslag okkar Íslendinga og þekkir ýmis útivistarsvæði vel af eigin raun. Hann þekkir einnig vel til þess hvernig best er að búa sig til útivistar, hvort sem ætlunin er að hlaupa, skokka, ganga eða njóta útiverunnar með öðrum hætti. Úr útiverunni - Gengið og skokkað er bæði fróðleg og skemmtileg aflestrar og lærdómsrík fyrir þá sem eru á leið út í skokkið.

Sjálfboðastarf Reykjavíkurdeildar Rauðakrossins, kirknanna í Breiðholti og félagsstarfsins í Gerðubergi er að fara af stað en markmið þess er að finna fólk í Breiðholts hverfi sem hefur litla eða enga umgengni við annað fólk og halda sambandi við það. Fyrsti fundur þessara aðila vegna sjálfboðastarfsins fór fram í Gerðubergi á dögunum og næsti fundur verður í félagsmiðstöðinni Árskógum þriðjudaginn 21. nóvember kl. 15.00. Undirbúningur gengur vel en enn vantar fleiri sjálfboðaliða til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni. Störf sjálfboðaliðanna verða einkum fólgin í heimsóknum til fólks, ræða við það, lesa eða fara með því í gönguferðir en miðast að sjálfssögðu einnig við persónubundnar þarfir hvers og eins. Sjálfboðaliðar fá ákveðna þjálfum og leiðbeiningar um hvernig best sé að ynna þetta starf af hendi og hefur Pálína Jónsdóttir, kennari annast leiðbeiningastarf fyrir væntanlega sjálfboðaliða. Myndin var tekin af fundinum í Gerðubergi á dögunum.



## Sundfélagið Ægir

### Níutíu Æringar kepptu á unglíngamóti

Tæplega níutíu Ægiringar kepptu á unglíngamót Ármanns sem fór fram í Laugardalslaug fyrir nokkru og syntu þar alls 356 sund. Árangurinn í heildina er góður þar sem margar góðar bætingar litu dagsins ljós. Stór hópur yngri sundmanna tók þátt í mótinu og margir að prófa nýjar greinar. Þetta gerðu þau öll frábærlega og aðeins fjórar ógildingar voru hjá 10 ára og yngri af 98 sundum, sem er frábær árangur.

Kristín Þóra úr Silfurhóp náði frábærum áfanga þegar hún bætt sig verulega í 50 metra flugsundi


og tryggði sér þátttökurétt á ÍM-25, en hún hefur bætt sig um 8 sek. í þessari grein á tímabilinu. Nokkrir sundmenn úr Gullhóp voru að ná lágmarkum í hina ýmsu hópa hjá landsliðinu þrátt fyrir mjög harðar æfingar síðustu vikur, en þeir sem syntu lengst syntu 168 km. síðustu þrjár vikurnar frá Vismóti Ægis, sem gerir alls 56 km. að meðaltali á viku eða 6,2 km. að meðaltali á æfingu. Olga Sigurðardóttir náði lágmarki í 200 metra skriðsundi fyrir NMU, en hún hafði náð áður í 800 metra skriðsundi. Jóhanna Gerða

Gústafsdóttir náði lágmarki fyrir C-stig Unglingalandsliðs, en hún hefur nú þegar tryggt sér þátttökurétt á EM-25. Þau Anja Ríkey, Auður Sif, Árni Már, Jakob Jóhann og Kolbrún Ýr náðu lágmarkum fyrir C-1 í Afrekslandslið í einni eða fleiri greinum um helgina. Viktor Máni Vilbergsson kom heim frá Ungverjalandi og keppti á mótinu og stóð sig hreint frábærlega. Gaman var að sjá hann aftur í lauginni og við þökkum honum fyrir góðar stundir um helgina.

Hér er ég!



Mjódd



Smíðjuvegi



Nóatúni 17



Apótekarinn  
-lyf á lægra verði!



Sveinsbakari

ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI: 557 2600

**Sparaðu þér tíma fyrir jólin.**

**Við erum með úrval af smákökum, hálfmána, lagturtur, enskar jólakökur sælkerabotna, dödlubotna, svampbotna, marens, sérlagaðar tartalettur steikt laufabrauð o.fl.**

**Opnum kl. 7 alla virka daga og kl. 8 um helgar**

**Verið velkomin**

**Veljum íslenkst**

Meistaraflokkur kvenna hjá ÍR í knattspyrnu

# Vinnur úrslitakeppnir - og líka mál fyrir dómstólum

ÍR-ingar hafa ekki enn, þegar þetta er skrifað, fengið að fagna almennilega nýfengnu sæti sínu í úrvalsdeild kvenna vegna kærur andstæðinganna og málaferla í kjölfarið. Eftir erfiða útsláttarkeppni þar sem ÍR-stelpurnar þurftu að takast á við öfluga andstæðinga tók við þrautaganga fyrir dómstólum KSÍ, fyrst í undirrétti og síðan í yfirrétti. Og nú er beðið átekta eftir því hvort ÍSí taki málið fyrir. Síðan er það spurning hvort mótherjarnir færu með þetta fyrir einhvern alþjóðadómstól ef þeir hefðu tækifæri til þess.



Meistaraflokkur ÍR í kvinnaknattspyrnu 2006.

Óljóst með dómstól ÍSí

Páll Þór Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar ÍR, hefur ásamt Má Árnasyni, formanni meistaraflokksráðs kvenna og Halldóri Halldórssyni, þjálfara, borið hitann og þungann af öllu starfi í kringum meistaraflokkinn, þar með talið af undirbúningi mála fyrir dómstóla KSÍ. Páll var inntur eftir því á dögnum hvort úrvalsdeildarsætið væri í höfn.

„Nei. Það er ekki ljóst hvort að ÍSí taki kærur Þórs/KA fyrir. Ef ÍSí gerir það ekki þá erum við komin með sæti í efstu deild, en jafnvel þótt dómstóll ÍSí taki málið fyrir þá er ekki ljóst hvaða niðurstaða fæst úr því.“ ÍR-ingar báru sigurorð af Þór/KA í úrslitaleikjum á knattspyrnuvelli. Þá grófu Norðanmenn upp reglugerðarútdráðir sem þeir sögðu hafa verið brotið og því kröfðust þeir þess að þeim yrði dæmdur sigurinn. Á fyrsta stigi dæmdi dómstóll KSÍ Þór/KA sigurinn, en áfrýjunardómstóll sneri málinu við og dæmdi ÍR-inga löglega og réttnefnda sigurvegara.

En um hvað snýst þessi deila? „Norðanmenn saka okkur um að hafa rangt við, sem er alrangt,“ segir Páll. „Málið snýst um það að markmaður okkar meiddist í úrslitakeppni fyrstu deilda. Henni var bannað af lækni að leika knattspyrnu og því leituðum við til KSÍ um hvort við mætum leita að nýjum markmanni. Okkur var sagt að það væri í lagi og fundum eftir nokkra leit aðeins einn markmann. Við sóttum um leikheimild fyrir hana og sú leikheimild fékkst útgefin og staðfest af KSÍ. Eftir að við vorum búin að leggja Þór/KA að velli kemur kæra frá þeim á þeim forsendum að nýi markmaðurinn

okkar sé að leika með þriðja félaginu á þessu tímabili. Þá förum við að skoða reglugerðir félagaskiptanefndar og er greinilegt að menn geta túlkad þær á mjög mismunandi hátt, því að samkvæmt 4. grein er það alveg skýrt að okkar mati að félagaskiptanefnd hefur heimild til að veita undanþágu þótt leikmaður hafi leikið með þremur liðum, en þar segir m.a.: „Samninga- og félagaskiptanefnd skal þó heimilt að veita undanþágu frá því fyrir félagaskipti markvarðar ef ríkar ástæður eru til að vera alveg skýrt,“ segir Páll.

Purfa þjálfarar að fara á lögfræðikúrsum?

En hvernig skyldi þá leggjast í liðið að leika í úrvalsdeild á ári? Miðað við stöðuna er ljóst að ekki þarf að ferðast mikið, enda sterkustu liðin hér á suðvesturhorni landsins. Úrvalsdeildarsætið leggst vel Pál.

„Við gerum hvað við getum til þess að standa okkur í baráttunni og hlökkum bara til átaka komandi sumars. Við höfum verið að huga að undirbúningi. Þjálfarinn, Halldór Halldórsson, fór á námskeið erlendis til þess að bæta sig og ná sér í betri réttindi í þjálfun. Æfingar eru að hefjast. Við sjáum fram á mjög bættu aðstöðu vegna gervigrasvallarins, þannig að við getum æft allt árið á okkar svæði, og vonumst til að þetta verði allt í toppstandi. Leikirnir næsta sumar verða flestir á höfuðborgarsvæðinu, þannig að ferðakostnaður verður ekki mikill. Við munum fara

á fullt núna og erum að efla meistaraflokksráð kvenna og vonum að fólk hugsi hlýtt til okkar sem hefur aðstöðu til að styðja við okkur. Ef einhverjir lesendur hafa áhuga á þessu starfi, þá endilega að koma að máli við okkur og hjálpa til.“

Betra að hafa allt á hreinu

Það er vonandi að þetta gangi allt eftir. En minnugir þess að dómstólar KSÍ hafa ekki alltaf verið útreiknanlegir þá þora ÍR-ingar varla að fagna almennilega fyrir en ljóst er að málaferlum sé lokið. Fyrir fáeinum árum lenti meistaraflokkur karla í smáatviki í bikarkeppni þar sem dómari hafði heimilað skipti á fleiri leikmönnum en reglur kváðu á um. Það kostaði ÍR sigurinn í það skiptið, í áfrýjunardómstóli KSÍ. Þess vegna spurði ég Pál hvort ekki væri vissara að hafa vaðið fyrir neðan sig og láta leikmenn og fleiri læra allar reglugerðir KSÍ utanbókar? „Jú - það er nú víst betra að hafa allt á hreinu gagnvart þessum mótum. Spurning hvort við þurfum ekki bara að senda þjálfarana okkar á kúrsum í lögfræði! En við höfum nú haft einn góðan hæstaréttalögmann innan seilingar sem hefur hjálpað okkur í gegnum þetta. Ég veit ekki hvar þetta mál væri stöð ef hans hefði ekki notið við.“ Í lokin sagði Páll að bið eftir niðurstöðu og óvissan hefði sett fólk í óþægilega stöðu, og valdið frestun á ýmsu. Þrátt fyrir það ætti leikmannahópurinn hrós skilið fyrir það hvernig þær hefðu tekið á þessu og það væri bara mjög gott hljóð í hópnum.

## Silfurleikar í Laugardalshöll

Silfurleikar ÍR verða haldnir 18. nóvember í Laugardalshöll. Silfurleikarnir eru haldnir í til efni þess að nú í nóvember eru liðin 50 ár síðan Vilhjálmur Einarsson varð í 2. sæti í þrístökki á Ólympíuleikum í Melbourne í Ástralíu en Vilhjálmur keppti fyrir ÍR á þessum árum.

Þó svo að mörg ár séu liðin hafa

fáir Íslendingar leikið þetta eftir en um einstakt afrek er að ræða.

Silfurleikarnir eru ætlaðir íþróttamönnum 16 ára og yngri og verður keppt í fjölmörgum greinum, þar á meðal þrístökki í flokkum 11 til 16 ára og verður það gert eftirleidis á þessu móti. Silfurleikarnir koma í stað haustleika ÍR sem notið hafa mikilla vin-

sælda undanfarin ár en á síðasta ári sendu 17 félög keppendur á leikana alls 308 keppendur.

Við vonumst til þess að sjá sem flesta áhorfendur því þarna er efnilegt íþróttafólk á ferðinni. Sjá nánar um mótið á heimasíðu ÍR <http://www.irsida.is/>

## Mætum í ÍR-heimilið og töku þátt í getraunum

Eins og undanfarin ár höfum við ÍR-ingar verið að ná í tekjur fyrir félagið í gegnum getraunir en tipparar hafa verið að koma í ÍR-heimilið á laugardögum í vetur milli kl. 11.00-13.00.

Því miður vantar fólk frá nánast öllum deildum félagsins nema handboltanum, knattspyrnan hefur aðeins verið að sýna sig en aðrar deildir hafa nánast ekki sést.

Við erum alltaf að tala um að við verðum að ná í meiri tekjur

til að geta gert félagið enn stærra en það er í dag, þarna er klárlega einn möguleiki sem er því miður ekki nógu vel nýttur. Hér er gaman að koma á laugardagsmorgni þar sem boðið er uppá brauð og kaffi. Fólk er líka velkomið til þess að spjalla bara saman án þess að tippa en eins og gefur að skilja gefur það ekki eins miklar tekjur í kassann.

Hér eru nokkrir menn mættir alla laugardaga sem eru tilbúnir

að aðstoða þá sem ekki vita hvernig þetta „tipp“ fer fram, þannig að nú er bara að láta sjá sig.

Gerum nú enn betur en við höfum gert á síðustu árum og sýnum þessum mönnum, sem hafa verið að leggja sig alla fram við að halda þessu gangandi, að þeirra vinna sé mikilvæg.

Mætum öll í „tipp“ á laugardögum í vetur og styðjum þannig við bakið á okkar íþróttafólki.

 **Fréttir**  
 Íþróttafélag Reykjavíkur  
 Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
 Myndsími: 587 7081  
 Tölvupóstur: iradal@isholf.is

## Skíðadeildar ÍR flytur í Bláfjöll

Skíðadeild ÍR flytur nú í haust í Bláfjöllin en skíðadeildin hefur haft aðstöðu á Hengilssvæðinu undanfarna áratugi. Samningur milli skíðadeildarinnar og Reykjavíkurborgar var undirritaður á dögnum og á næsta ári fær deildin afhentan nýjan skála á Suðursvæðinu í Bláfjöllum. Í vetur mun deildin vera með aðstöðu á fyrirhuguðum byggingarreit en bygging skálans hefst væntanlega í loka skíðatímabili. Flutningurinn hefur mikil áhrif á æfingaraðstöðu deildarinnar sem verður nú fjölbreyttari en áður. Þá verður aðgengi foreldra og iðkanda að fjölbreyttum skíðaleiðum betra en áður. Skíðadeild ÍR hlakkar til að sjá Breiðholtsbúa á skíðum í



Framtíðarskíðavæði ÍR í Bláfjöllum. Vonandi verur svæðið í ljósari lit þegar kemur fram á veturinn.

vetur. Upplýsingar um æfingartíma og starf deildarinnar er að finna á [www.irsida.is/skidi](http://www.irsida.is/skidi).

## Frá handknattleiksdeild ÍR

### Leikir hjá ÍR tímabilið 2006-2007

19. nóv Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Fram	04. mar Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Haukar
26. nóv Sun kl. 16:00 Ásvellir Haukar - ÍR	18. mar Sun kl. 16:00 KA heimili Akureyri - ÍR
03. des Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Akureyri	25. mar Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Fylkir
10. des Sun kl. 16:00 Fylkishöll Fylkir - ÍR	01. apr Sun kl. 16:00 Ásgarður Stjarnan - ÍR
17. des Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Stjarnan	11. apr Mið kl. 19:00 Austurberg ÍR - HK
11. feb Sun kl. 16:00 Digranes HK - ÍR	15. apr Sun kl. 16:00 Laugardalshöll Valur - ÍR
18. feb Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Valur	22. apr Sun kl. 16:00 Austurberg ÍR - Fram
25. feb Sun kl. 16:00 Framhús Fram - ÍR	

*Fjölmönnum á alla leiki ÍR-inga, þinn stuðningur getur skipt miklu máli. Áfram ÍR.*

## Körfubolti hjá ÍR

### Leikir hjá ÍR tímabilið 2006-2007

Sun. 19. nóv. kl. 19.15 Grafarvogur, Fjölnir - ÍR	Mán. 12. feb. kl. 19.15 Seljaskóli, ÍR - Keflavík
Mán. 4. des. kl. 19.15 Seljaskóli, ÍR - Haukar	Fim. 22. feb. kl. 19.15 DHL-Höllin, KR - ÍR
Fös. 15. des. kl. 19.15 Þorlákshöfn, Þór Þorl. - ÍR	Sun. 25. feb. kl. 19.15 Seljaskóli, 19.15 ÍR - Fjölnir
Fös. 29. des. kl. 19.15 Seljaskóli, ÍR - Skallagrímur	Fös. 2. mars kl. 19.15 Ásvellir, Haukar - ÍR
Fim. 4. jan. kl. 19.15 Njarðvík, UMFN - ÍR	Sun. 4. mars kl. 19.15 Seljaskóli, ÍR - Þór Þorl.
Mán. 22. jan. kl. 19.15 Sauðárkrókur, Tindastóll - ÍR	Fim. 8. mars kl. 19.15 Borgarnes, Skallagrímur - ÍR
Fim. 1. feb. kl. 19.15 Seljaskóli, ÍR - UMFN	
Fim. 8. feb. kl. 19.15 Stykkishólmur, Snæfell - ÍR	

Gengið í vetur hefur verið upp og ofan. Nú treystum við á að þú ÍR-ingur góður komir og styðjir okkur í þeirri baráttu sem framundan er í vetur. Áfram ÍR.

## Jón Þ. og Fríða Rún á Meistarmóti öldunga

Þau Jón Þ. Ólafsson og Fríða Rún Þórðardóttir unnu bestu afrekin á Meistaramóti öldunga utanhúss. Jón í lóðkasti þar sem hann kastaði 17.77 metra sem gefur 1186 stig og Fríða Rún í 3000 metra hlaupi með 810 stig fyrir tímann 10:39.20 mín. Fríða Rún var einnig með 2. og 4. besta árangurinn í stigakeppni kvennaflokksins fyrir 1500 metra og 800 metra hlaup.

Kastbraut öldunga fór fram á dögnum og sigraði Jón Þ. Ólafsson í þrautinn með 4548 stig fyrir eftirfarandi árangur. Sleggjukast, 39.33 metra, kúluvarp, 10.83 metra, kringlukast 34.84 metra, spjótast 33.92 metra og lóðkast 17.54 metra.

Það er alltaf nóg að gera hjá öldungunum og æfa þeir kappsömstu sex daga vikunnar í öllum veðrum.

  
**GETRAUNANÚMÉR**  
 ÍR ER **109**

# Sportvörur, leikföng og ritföng í úrvali ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Umboð fyrir Hapdrætti Háskóla Íslands, SÍBS og DAS

## Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Handhlífar!



## Kirkjukerti og vörur fyrir samkomur og athafnir



GARDHEIMAR

HEIMUR HEILLANDI HLUTA OG HUGMYNDAI

Stekkiarbakka 6 | Sími 540 3300 | www.gardheimar.is

## INGI MÁR / SIGRÍÐUR



Sigríður Hallgríms  
sölufulltrúi  
Beinn sími 520 9553  
GSM 864 3679  
siggah@remax.is



Ingi Már Grétarsson  
sölufulltrúi  
Beinn sími 520 9559  
GSM 821 4644  
ingim@remax.is

## Ertu að hugsa um að selja?

HRINGDU  
NÚNA!!

### Getum bætt við okkur eignum á sölu.

- Við komum og verðmetum eignina þína.
- Tökum góðar myndir af eigninni þinni.
- Útbúum ýtarlega eignamöppu fyrir hverja eign.
- Auglýsum eignina þína á áberandi máta.
- Við sýnum allar eignir sjálf í samráði við þig.
- Hjálpum þér að finna eign sem hentar.
- Þjónusta alla leið.



Jónas Örn Jónasson  
löggiltur fasteignasali

# RE/MAX Mjódd

RE/MAX Mjódd • Pönglabakki 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520-9553 / 520-9559